

TUGÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA
HAFA TEKID KRABBAMEINS-
VALDANDI LYF FRÁ ÁRINU 2012



Fnjósk gefur út plötu:
SÆKIR INNBLÁSTUR Í SÁRA
REYNSLU AF EINELTI OG
SJÁLFSVÍGSHUGSUNUM

27. JÚLÍ 2018 / 29. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV




DV MÆLIR MEÐ 8 HLAÐVÖRPUM

Karl Óttar Pétursson

Lögfræðimenntaði
rokkarinn verður bæjarstjóri:

„ÞETTA VAR SKYNDI HUGDETTA“

- Hefur barist við kvíða frá barnsaldri
- Getur ekki beðið eftir að flytja austur í Fjarðabyggð



Maggi Peran
léttist um
helming:
Tapaði
60 kílóum



■ Brostin LOForð framkvæmdastjóra SUS

Selur veitingastað
með tækjum sem
ekki var greitt fyrir

P.s. Porsche-inn kostaði 25 milljón.



Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Sigurjón fékk heimsmeta- bókina með sjálfum sér

Settu heimsmet með því að sigla bát sem var búinn til úr tölublöðum DV

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Sigurjón M. Egilsson fjölmiðlamaður auglýsti í vikunni eftir íslensku útgáfu heimsmetabókar Guinness frá árinu 1989 en þar bregður honum fyrir á baksíðu. Um var að ræða heimsmet sem Sigurjón tók þátt í að setja ásamt Gunnari Martin Úlfssyni auglýsingateknara með því að sigla á pappírshát, gerðum úr tölublöðum DV, frá Akranesi. Svo vildi til að blaðamaður DV átti eintak af bókinni og kom Sigurjón upp á skrifstofu blaðsins til að fá eintakið með því skilyrði að því yrði skilað á endanum. Sagði Sigurjón að hann vildi fá bókina til að geta montað sig fyrir barnabörnunum.

Tíu eða tólf lög af dagblöðum

Hugmyndin var að sigla frá Akranesi til Reykjavíkur á pappírshát, Gunnar sagði á sínum tíma að hann hefði fengið hugmyndina þegar hann var að bíða á rauðu ljósi. Leitaði hann til DV til að fá pappír í bátinn. Aðspurður segist hann ekki viss hve mörg dagblöð fóru í bátinn. „Það var alveg hellingur, ég fékk fullt af blöðum og svo var bara að líma,“ segir Gunnar Martin í samtali við DV. Hann bjó til grind og kjöl úr pappakössum, svo lagði hann dagblöð yfir



Heimsmetafley Gunnar Martin með bátinn. Mynd úr DV 1989



Gunnar og Sigurjón hentu sér í sjóinn og svo var kveikt í bátinum. Mynd úr DV 1989

grindina. „Ég held að þetta hafi verið tíu eða tólf lög, svo bara trélim.“ Gunnar og Sigurjón fengu far með Akraborginni frá Reykjavík í júnímánuði árið 1989 og voru undir eftirliti björgunarsveitarmanna frá Akranesi allan tímann.

Sigurjón fékk að fara í ferðina sem fulltrúi DV vegna þess að hann hafði verið á sjó áður. Sigurjón segir að þegar þeir hafi verið að leggja af stað frá Akranesi hafi komið í ljós að ekkert stýri var á bátinum, hann hafi því reynt að stýra með seglinu og orðið dofinn í handleggjunum fyrir vikið. Sigurjón vildi þó lítið ræða hvernig bátsferðin ógleymanlega endaði fyrir rúmum 30 árum.



Báturinn lak aldrei

Gunnar var ófeiminn við að upplýsa um það. „Báturinn sökk aldrei, hann hélt allan tímann. Við gátum ekki setið í bátinum þannig að við þurftum að vera á hnjánum. Þegar við vorum komnir út á miðjan Hvalfjörðinn þá sagði Sigurjón að hann væri slæmur í hnjánum og þyrfti að standa upp. Ég sagði það vera í lagi en hann mætti ekki

koma við neitt. Hann rak sig óvart í og mastrið gaf sig, þá sögðum við báðir að þetta gengi ekki lengur. Þá fóru hliðarnar að flagga.“

Tveir björgunarsveitarbátar frá Akranesi fylgdu þeim og vildi Gunnar reyna að bjarga bátinum, gera við hann og reyna aftur. Báturinn var þó orðinn mjög þungur. Gunnar notaði sand í pappahólkum sem ballest og tókst því ekki

að bjarga bátinum. „Ég man ekki hvort það var einhver í björgunarsveitinni sem sagði að við ættum bara að gera eins og vikingarnir í gamla daga, bara kveikja í honum. Við Sigurjón hentum okkur í sjóinn og kveiktum í honum. Hann lak aldrei neitt, hann sökk ekki fyrr en við kveiktum í honum.“ ■



Síðustu orðin

„Gott. Kona sem getur getur rekið við er ekki dauð.“

– Greifynjan af Vercellis (1670–1728) rak við er hún lá á banabeði sínum.

Á þessum degi,
27. júlí



1054 – Siward, jarl af Nordymbralandi, ræðst inn í Skotland og ber sigurorð af Makbeð Skotlandskonungi einhvers staðar norður af Forth-firði.



1794 – Maximilien Robespierre er handtekinn eftir að hafa stuðlað að og hvatt til aftakna á yfir 17.000 „óvinum [frönsku] byltingarinnar“.

1890 – Listmálarinn Vincent van Gogh skýtur sjálfan sig, hann dó tveimur dögum síðar.



1940 – Kalli kanína, Bugs Bunny, er kynntur til sögunnar í stuttteiknimyndinni A Wild Hare.



2002 – Mesta slys í sögu flugsýninga á sér stað í Lviv í Úkraínu þegar orrustuflugvél af gerðinni Sukhoi Su-27 hrapar. Slysíð kostar 77 mannlíf auk þess sem yfir 500 manns slasast.





Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía
Íslensk framleiðsla



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“



60 120/180 220 ml

Ich habe Islands schönste
Naturschönheiten in diesem
wunderbar Auto besucht.*

Elsa Hildebrand aus Köln // 10:35 AM

Birt með fyrirvara um myndu- og textabreytingu.

* Ég heimsótti margar fallegustu náttúruperlur Íslands á þessum yndislega bíl.

Tilboð á bílum í ábyrgð!

Bílaleigubílar frá Sixt hafa komið á margar af fallegustu náttúruperlum Íslands, undir stjórn Íslandsvina hvaðanæva að úr heiminum. Þeir eru því allir mátulega tilkeyrðir og tilbúnir í fleiri ævintýri með þér.



Tilboð
2.990.000 kr.

Eldsneyti: Bensín
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 4/2017
Ekinn: 29.000 km.
Verð: 3.300.000 kr.-



Tilboð
3.690.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 6/2017
Ekinn: 22.000 km.
Verð: 3.800.000 kr.-



Tilboð
5.190.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 4/2017
Ekinn: 60.000 km.
Verð: 5.500.000 kr.-



Tilboð
4.490.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 4/2017
Ekinn: 27.000 km.
Verð: 4.900.000 kr.-



Tilboð
1.690.000 kr.

Eldsneyti: Bensín
Skipting: Beinskiptur
Skráningarár: 5/2016
Ekinn: 60.000 km.
Verð: 2.000.000 kr.-



Tilboð
3.690.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 5/2017
Ekinn: 28.000 km.
Verð: 3.800.000 kr.-



Tilboð
2.790.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 4/2017
Ekinn: 28.000 km.
Verð: 3.000.000 kr.-



Tilboð
2.790.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Sjálfskiptur
Skráningarár: 5/2017
Ekinn: 29.000 km.
Verð: 3.000.000 kr.-



Tilboð
2.690.000 kr.

Eldsneyti: Dísel
Skipting: Beinskiptur
Skráningarár: 4/2017
Ekinn: 35.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.-

Nýlegir notaðir bílar, í ábyrgð og á frábæru tilboði á nýjum stað!

**Bílaúð
Benni**
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opunartímar:
Virka daga 9-18

benni.is
NOTAÐIR BÍLAR

Auglýsa veitingahúsnæði til sölu með tækjum sem ekki hafa verið greidd

■ Brostin LOFord framkvæmdastjóra ungra Sjálfstæðismanna ■ Porsche-inn kostaði 25 milljónir

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Ég hef aldrei á ævinni kynnst öðrum eins lygara. Það er ekki hægt að treysta einu orði sem hann segir,“ segir fyrrverandi starfsmaður veitingastaðarins LOF í samtali við DV, en hann segist eiga inni laun upp á eina milljón hjá fyrirtækinu. Umræddur meintur lygari er Jakob Helgi Bjarnason, framkvæmdastjóri Sambands ungra Sjálfstæðismanna og prókúruhafi fyrirtækisins. LOF veitingahús var opnað með pomp og prakt um miðjan apríl en var lokað rúmum tveimur mánuðum síðar. Það er líklega einhvers konar met á hinum sviptingasama íslenska veitingamarkaði.

DV fjallaði um lokunina fyrir tveimur vikum og þá staðreynd að fjölmargir starfsmenn fyrirtækisins sem og birgjar þess sætu eftir með sárt ennið. Þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað hafa birgjar og starfsmenn ekki enn fengið greitt en húsnæði veitingastaðarins hefur nú verið auglýst til sölu eða leigu. Ýmis tæki og tól, sem aldrei var greitt fyrir, eru sögð fylgja með eigninni.

Lofaði að gera upp við starfsmenn og birgja

Í áður nefndri frétt DV kom fram að Jakob Helgi ætti 25% hlut í LOF ásamt tengdaföður sínum, Birgi Erni Arnarsyni. Ítalski veitingamaðurinn Enzo Rinaldi átti 50% hlut í staðnum og sá um daglegan rekstur hans ásamt samstarfsmanni sínum, Jose Garcia. Jakob Helgi sá um fjármál staðarins en hann og Birgir áttu fasteignina að Mýrargötu sem hýsti LOF.



„Ég hef aldrei á ævinni kynnst öðrum eins lygara

Í aðdraganda fréttar DV gerði blaðamaður ítrekaðar tilraunir til þess að ná sambandi við Jakob Helga til þess að hans hlið kæmi fram. Jakob Helgi brást ekki við á neinn hátt fyrir utan að senda ör-stuttan tölvupóst á blaðamann um

að hann hefði ekki komið nálægt rekstri LOF heldur væri aðeins hluthafi út af eignarhaldi sínu á fasteigninni. Í kjölfar fréttar DV brást þó Jakob Helgi strax við með eftirfarandi yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni.

Yfirlýsing Jakobs Helga:

„Fyrir hartnær tveimur vikum lauk rekstri LOF eftir tiltölulega stuttan líftíma. Ástæðan fyrir því var djúpt vantraust sem ríkti milli rekstraradila LOF, Enzo Rinaldi, og hluthafa í veitingastaðnum. Ég vil árétta að félagið LOF veitingastaður er ekki gjaldþrota og mun ekki verða gjaldþrota. Allar skuldir verða gerðar upp við birgja sem og starfsmenn enda hefur aldrei neitt annað staðið til. Raunar hafa engar kröfur um ógreidd laun borist veitingastaðnum enn sem komið er. Frétt DV greip því í tómt þegar hún fullyrði annað.

Ég hef ekki séð um rekstur LOF heldur einungis komið að honum sem hluthafi. Þá á ég með fleirum húsnæði sem er leigt undir staðinn. Það sem er á dagskrá núna er að gera upp skuldir félagsins gagnvart birgjum og finna nýjan leigutaka að húsnæðinu. Í því samhengi verður skoðað nánar hvort misferli hafi átt sér stað í rekstri LOF og það gert upp gagnvart hlutadeigandi aðilum sé ástæða til.“

Ólöglegt að ráða starfsfólk sem verktaka

DV hefur undanfarna daga heyrt í nokkrum starfsmönnum LOF. Fæstir höfðu fengið nokkur laun greidd en aðrir höfðu fengið lítinn hluta greiddan. Að sögn starfsmanna heldur Jakob Helgi því fram að þeir hafi allir verið verktakar hjá fyrirtækinu og eigi því ekki rétt á að fá uppsagnarfrest greiddan. Rétt er að geta þess að samkvæmt Eflingu er ólöglegt að ráða starfsmenn sem verktaka ef viðkomandi er með fasta starfs-

stöð hjá fyrirtækinu og ber ekki beinan kostnað af starfsemi. Þá hefur Jakob Helgi ekki óskað eftir neinum verktakareikningum heldur hefur freistað þess að ljúka málunum með stakri greiðslu sem er aðeins brot af kröfum starfsmanna.


Selja fasteignina með tækjum sem ekki var greitt fyrir

Nýjustu vendingarnar í málinu eru þær að húsnæði sem áður hýsti veitingastaðinn LOF við Mýrargötu hefur verið auglýst til sölu eða leigu hjá LIND fasteignasölu. Óskað er eftir tilboði í eignina og er sérstaklega tekið fram að staðurinn sé með allan búnað sem þurfi til rekstrar veitingahúss og sá búnaður fylgi með eigninni. Samkvæmt örugnum heimildum DV hefur birgirinn sem útvegaði tækin ekki fengið neitt greitt inn á það sem honum er skuldað.

Eins og áður reyndi DV ítrekað að ná sambandi við Jakob Helga við vinnslu fréttarinnar. Hann skellti þrisvar á blaðamann án orða og hefur ekki svarað öðrum skilaboðum.

Að endingu má geta þess að í fyrri frétt DV um málið kom fram að það hefði hleypt illu blóði í launasvelt starfsfólk LOF að sjá Jakob Helga keyra um á rándýrum Porsche-sportbíl. Í fréttinni og á forsíðu blaðsins var fullyrt að bíllinn, sem er af gerðinni Porsche Panamera Turbo S E-hybrid, kostaði 15 milljónir króna. Hið rétta er að bíllinn kostar 25 milljónir króna og biðst blaðamaður forláts á mistökunum. ■

Hver er hún



- Hún er fædd 28. júlí árið 1982.
- Hún lærði leiklist í Philippe Gaulier-leiklistarskólanum í París.
- Árið 2012 lék hún appelsínu við góðar undirtektir.
- Hún söng íslensku útgáfuna af Let it Go úr Disney-teiknimyndinni Frozen.
- Hún gerði allt vitlaust í Eurovision árið 2006 með tónlistaratriði sínu og sviðspersónu

AGÓSTA EVA ERLENSDÓTTIR



Ameríska tyggigúmmíð Wrigley's var fyrsta framleiðsluvaran í heiminum sem var með strikamerki.



Í einni golfkúlu eru að jafnaði 336 holar.



Augun þín haldast jafnstór frá fæðingardegi til dánardags. Nef þitt og eyru hætta aftur á móti aldrei að stækka.



Í hverjum einasta þætti af Seinfeld má sjá eitthvað tengt Superman.

SÓFA & BORDSTOFU DAGAR

20-50% AFSLÁTTUR Á SÓFA OG BORDSTOFUDÖGUM



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Það er staðreynd að ...



Moskítóflugur geta fundið fólk í 100 metra fjarlægð með því að nema efni á andardrætti þess.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

RÚMFÖT
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

UNGBARNAVÖRUR
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

KÓSÝFATNAÐUR
ALLT AÐ
85%
AFSLÁTTUR

DÚKAR OG
PÚÐAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

ENN MEIRI LÆKKUN Á ÚTSÖLUVÖRUM

BLÓÐBERGSILMIR
25%
AFSLÁTTUR

GJAFAVARA
25%
AFSLÁTTUR

SVUNTUR OG
GRILLHANSKAR
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

ANDADÚNSÆNGUR
OG KODDAR
25%
AFSLÁTTUR

TILBOÐSSLÁR Í VERSLUN OKKAR Á SMÁRATORGI VERÐ FRÁ 500 KR

★★★★★
NÝJAR
VÖRUR
KOMNAR Í
VERSLANIR
★★★★★

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

TUGÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA HAFA TEKIÐ INN KRABBAMEINSVALDANDI LYF FRÁ ÁRINU 2012

■ Lyfjastofnun sagði að óhætt væri að taka lyfin áfram þrátt fyrir innköllun

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Þann fimmta júlí síðastliðinn sendi Lyfjastofnun frá sér tilkynningu þess efnis að stofnuninni hefði verið gert viðvart um mengun í efni sem notað er í framleiðslu á tveimur lyfjum, Valpress, sem er framleitt af Actavis, og Valsartan, sem er flutt inn til landsins. Þessi lyf eru notuð í meðferð við háum blóðþrýstingi og hjartabilun og hafa verið á markaði síðan árið 2012.

Um 9.000 Íslendingar hafa tekið þessi lyf síðustu tólf mánuði og er skammtastærð mismunandi eftir þörfum hvers og eins sjúklings. Frá árinu 2012 hafa því tugþúsundir Íslendinga fengið lyfið samkvæmt lyfseðli. Strax var farið í að finna ný lyf sem innihalda ekki hið mengaða efni, Nitrosodimethylamine, og komu þau lyf í apótek þann 25. júlí, eða rúmlega þremur vikum eftir að innköllunin átti sér stað.

Framleiðandi efnisins er kínverska fyrirtækið Xheijang Huahai Pharmaceuticals sem sendi öllum kaupendum sínum tilkynningu um að efnið hefði fundist í framleiðsluvöru sinni þann 5. júlí. Efnið, Nitrosodimethylamine, sem er meðal annars notað í eldflogaeldsneyti, getur valdið

krabbameini og jafnvel dauða sé það tekið í miklu magni. Efnið er einnig notað á rannsóknarstofum til að kalla fram æxli í dýrum sem er verið að rannsaka.

Lyfjastofnun sagði að óhætt væri að taka lyfin áfram þrátt fyrir innköllun

Í tilkynningu Lyfjastofnunar frá fimmta júlí segir orðrétt: „Notirðu eitthvað af þeim lyfjum sem talin eru upp í listanum hér fyrir neðan, er óhætt að halda áfram að taka þau þar til þú hefur tækifæri til að ræða við lækni um breytta meðferð.“ Rúna Hauksdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir að ekkert athugasemdi sé við þessa orðanotkun, þó svo vitað sé að lyfin innihaldi efni sem geta valdið krabbameini. „Það er algjörlega óhætt, það er engin bráð hætta. Þér stendur ekki hætta af því,“ segir Rúna í samtali við DV.

Þegar Rúna var spurð hvort hún viti hversu mikið magn sjúklingar voru að taka inn af Nitrosodimethylamine í hverjum skammti sagðist hún ekki vita það nákvæmlega, skammtarnir hafi verið litlir.

Möguleg rannsókn á langtímaáhrifum lyfsins

Rúna staðfestir að langtímanotkun áður nefndra lyfja geti mögulega

„Það er algjörlega óhætt, það er engin bráð hætta. Þér stendur ekki hætta af því.“

aukið hættu á krabbameini. Lyfjastofnun hafi þó ekki hafið sjálfstæða rannsókn á hvort einhverjir sjúklingar hafi greinst með krabbamein í kjölfar inntöku lyfsins.

„Það er eiginlega bara seinni tíma mál sem verður að skoðast í samráði við önnur heilbrigðisyrifvöld.“ Þegar Rúna er spurð hvort lyfjastofnanir á Norðurlöndum ætli ekki að skoða hvaða möguleg áhrif langtímanotkun á Valsartan og Valpress hafi haft á notendur segir hún: „Ég get bara ekki svarað því, þetta eru náttúrliga mismunandi lönd, við munum bara gera það nákvæmlega sama og þeir gera.“

Skaðabótamál hafin í Kanada

Lögfræðistofan Merchant Law Group í Kanada hefur sett af stað hóplögsókn gagnvart innflutningsaðilum og framleiðendum á lyfjum sem innihalda efnið frá Xheijang Huahai Pharmaceuticals. Í þeim hópi er meðal annars Actavis.



Málið hefur vakið gífurlega reiði í Kanada þar sem fólk spyr sig hvernig eftirlitsstofnanir um allan heim hafi séð þetta ásamt því að lyfjafyrirtækin hafi ekki rannsakað efnin sem þeir voru að nota við sína eigin framleiðslu. Samkvæmt lögfræðistofnunni gæti lyfjaiðnaðurinn þurft að greiða hundruð milljóna kanadískra dollara í skaðabætur til sjúklinga sem hafa notað lyfin.

Fólk getur fengið endurgreitt

Sjúklingar sem nota lyfin Valpress og Valsartan geta farið í næsta apótek með lyfin og fengið endurgreitt. Þórbergur Egilsson, rekstrarstjóri verslana Lyfju, segir að fólk hafi komið til þeirra með lyfin til að fá endurgreiðslu, en það séu ekki mörg tilvik. „Það eru nú ekki mjög margir sem hafa komið til okkar til að fá endurgreiðslu.“ Í tilkynningu Lyfjastofnunar kom ekki fram hvort eða hvernig sjúklingar gætu



Actavis

fengið endurgreitt fyrir lyfin sem innihéldu krabbameinsvaldandi efni og útskýrir það mögulega hvers vegna svo fáir hafa farið og fengið endurgreitt. Ekki náðist í starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands við vinnslu fréttarinnar, en stofnunin gæti átt rétt á gífurlegum fjárhæðum í bætur frá framleiðendum og innflytjendum lyfjanna. ■

SVO ALLT GANGI SMURT

- Öryggisvörur
- Efnavörur
- Olíuvörur



kemi
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is



Den Danske Kro

Kro Bodega Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070 facebook.com/dendanske.kro

ÁTTA ÍSLENSKIR HLAÐVARPSPÆTTIR

■ Vera Illugadóttir er ókrýnd drottning hlaðvarpsins ■ Gísli Marteinn kafar ofan í Tinna og Hergé

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is



Á síðustu misserum hafa hlaðvörp (e. podcast) verið að hasla sér völl hér á landi. Fyrir þá sem ekki vita þá er hlaðvarp eins konar útvarpsþáttur sem hægt er að hlaða niður í símann sinn og hlusta á hvar og hvenær sem er.

Úrval hlaðvarpsþátta hér á landi hefur aukist gríðarlega á undanförunum mánuðum og nú ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ef þú hefur áhuga á íþróttum, sögu, góðu gríni eða hreinlega bara fólki þá ætti hlaðvarp að vera eitthvað fyrir þig. DV tók saman lista yfir átta frábæra hlaðvarpsþætti sem þú verður að athuga.



Í ljósi sögunnar

Vera Illugadóttir er, að öðrum ólöstuðum, drottning hins íslenska hlaðvarps. Þættir hennar, Í ljósi sögunnar, hafa notið gríðarlegra vinsælda en þar fer Vera yfir sögulega atburði og málefni líðandi stundar. Meðal málefna sem tekin eru fyrir í þættinum eru Angela Merkel, eldsvoðinn í Scandinavian Star, flugslysið í Smolensk og Tsjernóbylslysið.



Fílag

Fílag hóf göngu sína í mars árið 2014 og er með elstu hlaðvarpsþáttum Íslands. Þátturinn er í umsjón þeirra Bergs Ebba Benediktssonar og Snorra Helgasonar. Þættirnir eru léttir og skemmtilegir en í hverjum þætti taka þeir félagar fyrir eitt lag og fjalla um það í víðu samhengi. Stöku sinnum hafa þeir félagar fengið til sín gesti en Valdimar Guðmundsson, Ari Eldjárn og Hugleikur Dagsson eru meðal þeirra sem hafa kíkt í spjall.



Grínland

Í þættinum Grínland ræðir útvarpsmaðurinn Þórður Helgi Þórðarson við fræga íslenska grínista. Úr verður skemmtilegt spjall þar sem viðmælendur ræða um æskuárin og hvernig það æxlaðist að þeir gerðust grínistar. Meðal þeirra sem koma fram í þættinum eru Sóli Hólm, Björn Bragi, Sveppi, Saga Garðars, Jón Gnarr, Dóri DNA og Anna Svava.



Helgarspjallið með Helga Ómars

Helgi Ómarsson hefur undanfarin ár getið sér gott orð sem ljósmyndari og fyrirsæta. Í helgarspjallinu fær Helgi til sín frábæra gesti. Meðal þeirra sem kíkt hafa í spjall til Helga eru samfélagsmiðlastjarnan Sólrún Diego og líkamsræktardrottningin Ragga Nagli.

Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parki með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



VIÐARPARKET • UTANHÜSSKLÆÐNINGAR • VÍNYPARKET • FLÍSAR • HURDIR • TEPPI • KERFISLOFT • HARÐPARKET • INNRETTINGAR

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

ÞATTIR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ KANNA



Snorri Björn Podcast Show

Ljósmyndarinn og Snapchat-stjarnan Snorri Björnsson kom eins og stormsveipur inn í íslenska hlaðvarpsheiminn í vor. Snorri er skemmtilegur strákur sem fær til sín áhugavert fólk í spjall. Meðal þeirra sem Snorri hefur rætt við eru Gunnar Nelson, Sara Sigmundsdóttir og Kári Steinn Karlsson.



Dr. Football

Íþróttarfréttamaðurinn og sérvitringurinn Hjörvar Hafliðason fer á kostum sem Dr. Football í þessum magnaða hlaðvarpsþætti. Í þættinum fær Hjörvar til sín góða gesti til að kryfja fótboltann til mergjar. Þessi þáttur er svo sannarlega fótboltaumræða fyrir lengra komna.



Markmannshanskarnir hans Alberts Camus

Fjölmiðlamaðurinn og heimspekingurinn Guðmundur Björn Þorbjörnsson er umsjónarmaður þessara mögnuðu þátta. Guðmundur sér heiminn með aðeins öðruvísi augum en flestir og ræðir íþróttir út frá öðru sjónarhorni en við erum vön. Gestir þáttarins eru ekki af verri endanum en Emil Hallfredsson og Ólafur Sefánsson eru meðal viðmælanda. Hvort sem þú elskar íþróttir eða ekki þá eru Markmannshanskarnir hans Alberts Camus klárlega þess virði að skoða.



Ævintýri Tinna

Í þessum þætti fjallar fjölmiðlamaðurinn Gísli Marteinn Baldursson ítarlega um belgíska myndasöguhöfundinn George Remi, eða Hergé, og Tinna-bækurnar. Í þættinum kafar Gísli djúpt í sögu Hergés og Tinna. Gísli tekur hverja Tinna-bók fyrir og fær til sín góða gesti en meðal þeirra sem heimsækja Gísla eru Katrín Jakobsdóttir, Baldur Stefánsson og Tinna Sveindóttir.

Morgunmatur
Hádegismatur
Kvöldmatur

Matstöðin

Nýr Matsedill á hverjum degi!

Kópavogsbraut 115 / 200 Kópavogur / s. 844 1145

ÚTSALA

allt að 70% afsláttur

- Pottasett og eldunar búnaður **20 til 65% afsl.**
- Göngu- og götuskór **20 til 60% afsl.**
- Bergans merion ull **50% afsl.**
- Bakpokar **20 til 50% afsl.**
- Fatnaður **20 til 70% afsl.**
- Svefnpokar **20% afsl.**
- Tjöld **20 til 50% afsl.**
- og margt fleira...

Faxafeni 12 | Sími 534 2727
103 Reykjavík | alparnir.is

ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Matteo Salvini og Steve Bannon




POPÚLISTAR EVRÓPU SAMEINIST!

- Vilja sameina popúlusta til að tryggja breytingar í Evrópu
- Steve Bannon kynnir „ofurhóp“ hægri öfgamanna

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Matteo Salvini, innanríkisráðherra Ítalíu og formaður hægriflokksins Lega, sér fyrir sér að hann verði við völd næstu 30 ár. Hann hvetur hina svokölluðu popúlístaflokka, sem sumir kalla lýðskrumsflokka, í Evrópu til að sameinast og leggja til atlögu við elítuna í næstu kosningum til Evrópuþingins, sem er þing ESB, en þær verða á næsta ári. Salvini hvetur almenning til baráttu gegn elítunni til að tryggja breytingar í Evrópu.

Flokkur hans, Lega Lombarda, var stofnaður 1991 af Umberto Bossi og hafði á stefnuskrá að hinn ríki norðurhluti Ítalíu skyldi fá sjálfstæði frá suðurhlutanum sem er mun fátækari. Flokkurinn og stefnumál hans hafa breyst töluvert í gegnum tíðina og nú hefur hann andstöðu við ESB og innflytjendur helst á stefnu sinni. Í dag heitir flokkurinn bara Lega og er í samsteypustjórninni á Ítalíu.

Lega átti aðild að ríkisstjórnarsamstarfi á Ítalíu á tíunda áratugnum undir forystu Silvios Berlusconi. En í kosningunum í mars á þessu ári breyttust valdahlutföllin því Lega fékk meira fylgi en Forza Italia, flokkur Berlusconi. Eftir langvarandi stjórnarmyndunarviðræður sagði Lega skilið við Forza Italia og myndaði stjórn með Fimmstjórnuhreyfingunni sem er stærsti flokkur landsins en hann hlaut rúmlega 32 prósent atkvæða í kosningunum. Nýlegar skoðanakannanir benda til að það sé Lega sem nýtur aðallega góðs af samstarfinu og myndi flokkurinn verða stærsti flokkur landsins ef kosið væri nú. Fylgi flokksins mælist nú 29,8 prósent en hann fékk 17,4 prósent í kosningunum.

Salvini bindur ekki bara stefnu sína við Ítalíu því hann hugsar langt út fyrir landsteinana. Í fyrstu stefnir hann á að breyta Evrópu, eða kannski öllu heldur bjarga Evrópu eins og hann segir sjálfur, en síðan kemur röðin að heiminum öllum. Þau tímamót urðu fyrir

á árinu að Lega komst átil valda á Ítalíu og má segja að ákveðinn múr hafi fallið við það. En verkefninu er ekki lokið og segir Salvini að næsti múr, sem þarf iad rífa niður, sé í Brussel.

„Við höfum áttað okkur á að við sigrum ekki ein á báti, þess vegna þurfti að sameina Ítalíu, eins og Evrópa þarf að sameinast,“ sagði hann nýlega á fundi með stuðningsfólki sínu þar sem hann ræddi kosningarnar til Evrópuþingins á næsta ári. Hann telur að popúlístarnir geti sigrað evrópska íhaldsmenn sem eiga marga þingmenn á núverandi Evrópuþingi.

„Næsti múr, sem við rífum niður, er Brussel,“ sagði Salvini sem tók hið niðrandi orð popúlísta upp og setti í jákvætt samhengi um leið og hann hvatti popúlísta til að sameinast og mynda hreyfingu hinna frjálsu og sjálfstæðu sem vilja verja sitt eigið fólk og landamæri.

Breytt staða

Staða mála á Ítalíu og mikið fylgi Lega er að mati Giancarlo Giorgetti, varaformanns flokksins, til merkis um að margt hafi breyst síðan Lega sat síðast í ríkisstjórn.

„Þá vorum við á öndverðum meiði við alla aðra flokka á Ítalíu, nú er verkefnið stærra því það er engin stjórnarandstaða á Ítalíu. Það eru önnur öfl sem eru andstaðan, þau evrópsku,“ sagði hann nýlega.

Lega lagði áherslu á baráttuna gegn ESB í kosningabaráttunni. Þegar kom að ríkisstjórnarmyndun vildi flokkurinn að Paolo Savona, sem er mjög gagnrýninn á evrusamstarfið, yrði fjármálaráðherra en Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, kom í veg fyrir það. Savona fékk því valdaminna ráðherrambætti. En þetta var ekki til að draga úr gagnrýni Salvini á ESB. Hann er innanríkisráðherra og ber ábyrgð á að takast á við flóttamannastrauminn til Ítalíu. Það hefur hann gert á undanförunum vikum með aðgerðum sem hafa verið umdeildar og hafa

„Soros er snillingur. Hann er illmenni, en hann er snillingur.“

verið gagnrýndar víða í Evrópu. Hann hefur einfaldlega lokað ítölskum höfnum fyrir skipum sem hafa bjargað flóttamönnum í Miðjarðarhafi. Hann hefur ítrekað látið hafa eftir sér að vandamál Angelu Merkel séu ekki hans vandamál en þar vísar hann til flóttamannamála.

Bannon blandar sér í málin

Steve Bannon, sem hefur verið talinn einn helsti hugmyndafræðingurinn á bak við forsetaframboð Donalds Trump, kynnti nýlega áform sín um að koma á laggirnar bandalagi eða samtökum í Evrópu sem eiga að breiða út boðskap öfgahægrisinna í álfunni. Hann hefur látið hafa eftir sér að hann vilji bjóða upp á valkost við Open Society Foundation sem eru í eigu auðkífingsins George Soros sem hafa gefið um 32 milljarða dollara til frjálslyndra verkefna frá 1984.

„Soros er snillingur. Hann er illmenni, en hann er snillingur,“ sagði Bannon um þennan höfuðandstæðing sinn í samtali við the Daily Beast.

Samtök Bannons verða kölluð The Movement (Hreyfingin) og munu þau gera skoðanakannanir, veita ráðgjöf um upplýsingagjöf og hvernig eigi að finna markhópa. Þetta geta hægriflokkar fengið astoð við hjá samtökunum. Bannon hefur hitt fjölda hægrisinnaaðra, evrópskra stjórnmalamanna á undanförunum mánuðum, þar á meðal Nigel Farage, Marine Le Pen og Viktor Orbán.

The Daily Beast hefur eftir honum að hann sjái fyrir sér að „ofurhópi“ hægrimanna verði komið á laggirnar á næsta Evrópuþingi. Í þessum hópi verði allt að þriðjungur þingmanna. ■

HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ AÐ HRAUNBÆ 102A



Á STAÐNUM



FYRIRTÆKI



VEISLUR



TAKE AWAY



HLAÐBORD



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA


RAKANG
THAI RESTAURANT

RAKANG THAI RESTAURANT - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
RAKANG.IS - RAKANG@RAKANG.IS

Happy
Hour

FRÁ
16-19



Blásteinn

MATBAR

BLÁSTEINN 110 MATBAR - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
BLASTEINN.IS - BLASTEINN@BLASTEINN.IS

KALDUR
Á KRANA

Maggi Peran vann loksins stríðið við offituna

„Var vansæll fangi í líkama sem var við það að hrynjast“

- Fékk áfall þegar hann sá sig á hvíta tjaldinu
- Undirgekkst umdeilda aðgerð sem breytti lífi hans



Hatrömm barátta við offitu hefur sett svip sinn á líf **Magnúsar Guðmundssonar** allt frá því hann man eftir sér. Magnús, Maggi Peran, sem er búsettur á Selfossi, byrjaði ungur að gera tilraunir til að grenna sig og hefur að eigin sögn verið á misheppnuðum megrunarkúr nær allt sitt líf. Hann náði botninum fyrir tæpu ári en þá ákvað hann eftir enn einn misheppnaðan megrunarkúr að leita sér hjálpar.

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is



um hjá Magga og aðgerðin átti eftir að breyta lífi hans.

Sendur í megrun af skólahjúkrunarfræðingi

Eins og áður segir hefur Maggi barist við aukakílóin frá barnsaldri. „Ég man að ég var sendur í megrun af skólahjúkrunarfræðingnum í Fellaskóla ásamt félagamínunum. Við áttum að fara í göngutúra og borða hollan mat. Við nestuðum okkur upp með fransbrauðssamlokum með hnetusmjöri og sultu. Gengum úr Fellahverfinu upp

í Hólagarð þar sem við stálum nammi og tyggjó, fórum með góssið niður í Elliðaárdal, þar sem nestið og þýfið var étið. Svo skildum við ekkert af hverju megrunarkúrin virkaði ekki,“ segir Maggi kíminn. Árin liðu en það var ekki fyrr en eftir fermingu sem síga fór á ógæfuhliðina fyrir alvöru. „Þegar ég fermdist hafði ég stækkað hratt og samsvaraði mér vel. Var 180 sentimetrar og 86 kíló en hætti þá að stækka – nema þá á þverveginn. Frá þeirri stundu fór ég að fitna á miklum hraða,“ segir Maggi.

Hann segir vigtina hafa sveiflast töluvert í takt við hjúskaparstöðu. „Á þessum tíma var ég í sambandi en eftir að því lauk þá létti ég mig, allt þar til ég fann mér nýja kærustu en þá tók það sama við. Vigtin reis og fyrir títugt var ég kominn yfir 130 kíló. Eftir að þessu fimm ára sambandi lauk var ég bugaður. Mér fannst ég svo feitur og ljótur að ég var viss um að engin kona mundi líta við mér. Ég tók út allt nammi og gos og náði að léttast um 25 kíló og þá fann ég ástina. Hvað gerðist þá? Jú, gamla ofætlan fór að verðlauna sig fyrir frábæra frammistöðu með því að borða. Hafa kósíkvöld með nýju ástinni. Kósíkvöldunum fór svo að fjölga, og á endanum voru þessi kvöld orðin samfelld veisla í marga mánuði. Nammi, pítsur, snakk, idýfur og eðlur voru ekki bara munaður sem ég leyfði mér um helgar – heldur alla daga.“

hreinlega svelta sig. Það gekk vel til að byrja með og talan á vigtinni fór að síga. „Ég fór á kúr sem gekk út á það að svelta mig, vera stanslaust svangur. Kílóin hreinlega hrundu af mér og þarna náði ég að fara úr 141,6 kílóum og niður í 116 kíló. Mér leið vel og til að verðlauna mig fyrir vasklega frammistöðu ákvað ég að taka mér verðskuldað „sumarfrí“ og slaka aðeins á. Planið var að leyfa sér aðeins yfir sumarið og byrja svo aftur með haustinu. Þremur mánuðum síðar steig ég á vigtina og viti menn – tæp 20 kíló voru komin aftur.“

Uppgjöf

Eftir sumarfríð og vonbrigðin sem því fylgdu ákvað Maggi að standa við samkomulagið sem hann hafði gert við sjálfan sig og leita sér hjálpar. Hann pantaði tíma hjá Auðuni Sigurðssyni lækni og skömmu síðar hafði hann gengist undir aðgerð sem kallast magaermi. Með slíkri aðgerð er maginn minnkadur um 75 til 85 prósent. „Ég fór í aðgerðina 9. september síðastliðinn og þá fór talan á vigtinni að hrapa á ljóshraða. Það gerðist næstum fyrirhafnarlaust en það er ekki eitthvað sem ég er vanur í þeim endalausum kúrum sem ég hef prófað í gegnum tíðina. Eftir aðgerð tekur nefnilega við strangt mataræði sem ég þurfi að fara eftir. Fyrst fljóttandi fæði, svo maukað og loks mjúkt. Ég var búinn að búa mig undir það að vera stanslaust svangur og orkulaus eins og ég var vanur á kúrunum en sú varð ekki raunin. Þar sem búið var að taka 85 prósent af maganum þá varð ég fljótt mettur og orkubúið virtist fullt,“ Maggi.

Eftir að hafa jafnað sig eftir aðgerðina og upplifað að kílóin hreinlega runnu af honum ákvað Maggi að taka næsta skref og byrja að hreyfa sig og breyta um lífsstíl. „Um áramótin var ég búinn að missa tæp 33 kíló. Þá ákvað ég að kaupa mér kort World Class og fór að hreyfa mig. Ég vissi í raun ekkert hvað ég var að gera enda ekki lyft lóðum síðan á síðustu öld en til þess að „lúkk“ ekki eins og kjáni þá lá ég yfir Youtube-myndböndum og reyndi svo að herma eftir þeim. Í fyrstu gat ég ekki lyft neinum þyngdum enda vöðvarýrnunin búin að vera mikil eftir aðgerð. En jafnt og þétt hef ég náð að styrkja mig og taka af mér mikla fitu með þeirri einföldu uppskrift að borða hollan mat og hreyfa mig reglulega.“

Nýr maður

Í dag er Maggi tæp 80 kíló og hættur að finna fyrir verkjum og eymslum sem höfðu hrjád hann frá unga aldri. „Ég geng á fjöll og geng sjö kílómetra með hundinn minn án þess að þreytan fylgi mér í nokkra daga á eftir. Ég er mun aktívari og þróttmeiri. Í staðinn fyrir að nota einkabílinn í allar ferðir þá ákveð ég frekar að ganga eða hjóla. Andinn er orðinn léttari og mér líður betur á sál og líkama. Stoðkerfið var að hrúni komið. Stanslausir bakverkir og eymsli í hnjám heyrta sögunni til,“ segir Maggi.

Maggi hvetur fólk sem stendur í þeim sporum sem hann stóð í fyrir rúmu ári að játa sig sigrað og leita sér hjálpar hjá fagaðilum. „Ef einhver þarna úti er í sömu sporum og ég var í og langar að breyta lífinu, þá þarf hinn sami að játa sig sigraðan og leita sér hjálpar. Aðgerðin sem ég fór í er engin töfralausn. Hún er ekki fyrir alla og með því að fara í hana erum við ofætarnar ekkert ▶

ERGOMOTION DAGAR Í REKKJUNNI

Aðeins 23.344 kr. á mánuði*

STILLANLEGT RÚM

Stillanlegt Ergomotion 40-rúm, stærð 90x200 cm., (hvort rúm) með hágæða millistífri þrýstijöfnunar dýnu (memory foam) á 23.344 kr. á mánuði* og fyrsta afborgun í nóvember.

STADGREITT | 265.954 kr.

FULLT VERD | 349.892 kr.

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgiró.



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

**Mánuði 12 mánaða vaxtalausnir greiðusamning með 3,5% lánréttugleiki og 405 kr. greiðslugjald

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Þegar ég fór á hana í bíó þá birtist ég á skjánum í svona þrjár sekúndur. Þessar þrjár sekúndur slógu mig. Þarna var maður sem ég ekki þekkti. Vatnaður og feitur en umfram allt vansæll fangi í líkama sem var við það að hrynja. Ég sat í stólnum í bíó og náði ekkert að meðtaka boðskap né stemningu myndarinnar. Sat bara sem dáleiddur og hugsaði „Hvernig gat ég orðið svona? Hvernig gat ég leyft mér að verða svona?“

hólpnar. Leitaðu þér hjálpar og láttu fagaðila leiðbeina þér. Kúrur virka ekki og allt heilsufæðið sem er allt í kringum okkur er stútfullt af sykri og kaloríum.“



HAGBLIKK

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C
202 Kópavogur

Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is

hagblikk.is

GUNNAR ÖRN GÍTARSMIÐUR VEKUR ATHYGLI FYRIR EINSTAKA HÖNNUN OG AÐFERÐ VIÐ GÍTARSMÍÐI

■ Séreinkenni Gunnars er víkingaútlit hljóðfæranna
■ „Mér finnst skipta máli að þú gerir hlutina að þínum“

Gítarleikarinn **Gunnar Örn Sigurðsson** hefur lifað og hræst í gítarheiminum í fjölda ára. Í dag er hann fyrst og fremst þekktur, bæði hér heima og erlendis, sem gítarsmiður sem skapað hefur sinn eigin einstaka stíl, þar sem hann sækir innblástur í arfleifð okkar, víkingatímans. Við gítarsmiðina dýfir hann gítörunum í hvergi og hefur sú aðferð hans við smíðina vakið mikla athygli.

„Ég hef farið með gítara og dýft þeim ofan í hvergi, þá kemur drullan með, ég nudda henni síðan inn í viðinn þannig að hann lítur út eins og gamalt leður, síðan er olíuborið yfir.“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Brautarholti er verkstæði Gunnars þar sem marga merkilega gítara og gripi er að finna og segir Gunnar að því meiri óreiða sem sé á dótinu því fleiri ferðamenn reki inn nefið. Þar bæði smíðar hann eigin gítara undir nafni Örn Custom Guitars og sinnir einnig gítarviðgerðum.

En hvort skyldi hafa komið á undan, gítarleikurinn eða smíðin? „Þegar ég byrjaði að spila þá fór ég strax að fíkta og breyta gítörunum. Mér áskotnaðist til dæmis til dæmis rafmagnsgítar eftir einhverjum leiðum, sem ég man ekki í dag, og heima var til lampaútlit, sem ég gat stungið snúru í og magnað upp kassagítar,“ segir Gunnar um

leið og hann gerir við gítar á borðinu, en hann hefur unnið við gítarsmiðina frá árinu 2000.

„Þennan gítar sem ég er að gera við, gerði ég árið 2016. Núna er ég að setja nýtt „pickup“ í hann, sem á íslensku myndi kallast hljóddós,“ útskýrir hann þegar blaðamaður hváir. „Hljóddósin tekur titringinn frá strengjunum og magnar í hljóð. Gítarinn er hefðbundinn Telecaster, framleiddur um 1950. Þetta er smíðað af smiðum alls staðar í heiminum, síðan taka menn hann og gera að sínum, en í grunninn er þetta alltaf Telecaster. Menn eru þá að breyta, líkt og ég er að gera núna. Það eru til endalausar útfærslur.“

Auk þess að smíða gítara þá gerir Gunnar við gítara og hefur gert í fjöldamörg ár og einnig heldur hann námskeið í

Tækniskólanum, sem hafa verið vel sótt. „Ég var að klára tíunda árið með námskeið í gítarsmiði. Þú færð nokkrar spýtur og gengur út með gítar í lokin.“

Aðspurður hvort hann sé sjálfur gítarleikari, svarar hann hógvær: „Ég þykist vera það. Ég er búinn að vera í sömu hljómsveit í mörg ár, með sömu mönnum. Það vill svo skemmtilega til að við vorum að spila „rock og roll“ á síðustu öld og færðum okkur svo yfir í blúsinn. Við áttum hins vegar nokkur lög í pokahorninu, sem við ákváðum að gefa út og vorum



að fá diskinn bara í þessari viku. Maður þarf að koma tónlistinni frá sér einhvern veginn. Þetta er þessi óendanlegi áhugi á músík og öllu henni tengdu hljóðfæralega séð.“

Vekur athygli út fyrir landsteinana

Fyrir fimm árum gerðist Gunnar meðlimur í European Guitar Builders, samtökum sem halda árlega sýningu í Berlín sem ber nafnið Holy Grail Guitar Show. „Ég fór þangað að sýna mína gítara árið 2014–15 og hef verið duglegur að fara síðan með mitt dót. Ég hef fengið fína athygli, sem er alltaf að aukast.“

Síðasta umfjöllunin er viðtal við Gunnar í ágústblaði hins virta breska tímarits The Guitar Magazine, en blaðamaður þess kom hingað til lands gagnert til að taka viðtal við Gunnar og fylgjast með honum og nýstárlegri aðferð hans við smíðina.

Séreinkenni á gítarsmiði Gunnars er víkingaútlitið og einnig aðferðin sem hann notar við smíði margra þeirra. „Ég hef farið með gítara og dýft þeim ofan í hvergi, þá kemur drullan með, ég nudda henni síðan inn í viðinn þannig að hann lítur út eins og gamalt leður, síðan er olíuborið yfir,“ segir Gunnar. „Ég hef einnig unnið með ákveðið útlit og gert það að minni hönnun, sem ég kalla Thor so. Mér finnst það skipta máli að eiga eitthvað sem er mitt. Ég hef verið upptekinn af þessu undanfarin ár og verð áfram. Svo er þetta röff, þetta er ekki gítar sem á að vera inni í skáp.“ ■



Gerid gæða- og verðsamanbuð



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



BODYPRINT

Mikið úrval af stillanlegum rúmum

Svefn & heilsa



Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

vefverslun
svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Bjarney lýsir einelti og brotinni sjálfsmynd í gegnum tónlist

„MIG LANGAR AÐ FÓLK HAFI VON UM AÐ HLUTIR GETI ORÐIÐ BETRI“

Leið eins og auðveldu skotmarki í æsku hjá hrekkjusvínunum

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ég er með vandamál í sál-
inni, eins og flestir. Ég hef
marga komplexa, hef upp-
lifað ýmislegt og ekkert líðið
alltof vel í eigin skinni, en ég held
að allir upplifi komplexa að ein-
hverju marki,“ segir Bjarney Anna
Jóhannesdóttir, 26 ára gömul tón-
listarkona frá Akureyri sem gengur
undir listamannsnafninu Fnjósk.

Bjarney hefur sérlega gaman
af tónlistarlegum tilraunum og
óhefðbundinni sköpun með ein-
lægum hætti. Nýlega gaf hún út
plötuna Who are You? sem hún
segir koma beint frá hjartanu og
sé mikið ævintýri, enda eru undir-
liggjandi þemu laganna um brotna
sjálfsmynd, einelti og sjálfsupp-
götvun, svo dæmi séu tekin, og
sækja í margar erfiðar minningar
sem tónlistarkonan hefur tekist á
við.

„Mér finnst auðveldara að tjá
mig með tónlist en hefðbundnum
orðum,“ segir Bjarney. „Stundum
veit ég ekki hvort ég sé hreinlega
þess virði að vera til. Þá fer ég að
semja lög og þá líður mér eins og
það sé þess virði. Eins og með svo
margt annað í tónlist, annaðhvort
líkar fólki það sem ég hef að segja
með tónlistinni eða ekki. Fólk
tengir sig annaðhvort við þetta eða
ekki. Ég fór ekki í tónlistina vegna
þess að mig langaði til þess að
vera fræg, heldur því mér fannst
ég þurfa að gera hana. Það er bara
stór hluti af því hvernig ég er, að
gera tónlist.“

„Mér fannst
ég svo oft
föst á sama stað
á meðan allir sem
ég þekkti voru
komnir áfram í
lífinu.“

Tengir sig ekki við
meginstrauminn

Bjarney var í kringum fimmtán
ára aldurinn þegar hún byrjaði að
sýna tónsmíði áhuga. Hún hefur
þróað sinn stíl og eigin rödd síð-
an en segir ýmislegt hafa breyst á
þessum tíma. Árið 2013 gaf hún út
diskinn Rat Manicure undir nafni
inu Sockface og hélt þá einnig list-
sýningu um plötuna. En listakon-
an segist alveg vera á þrotum hvað
lýsingu varðar ef hún ætti að skýra
hvaða tónlistarstefnu hennar stíll
tilheyrir.

„Það er svo mikil sjálfsúr-
vinnsla og tjáning sem fer í tón-
listarsköpunina að það er erfitt að
setja tónlistina í einhvern dálk. Ég
þekki ekki nógu mikið á sjálfa mig



ISLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á www.igf.is og komdu
flokkunarmálunum í lag



Priggja flokka
stálílát 60 L



Troðslugrind
á hjólum



Græna tunnan

ISLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

til þess að setja mínar tilfinningar í
hólf,“ segir Bjarney.

„Tónlistarstefnur eru svo af-
markaðar, en mér finnst gott að
gera tilraunir og prófa nýja hluti.
Ég reyni að leggja mikið í texta-
smíðina, þannig að hún hafi mikla
þýðingu í tónlistinni. Það skiptir
mig máli að textinn sé ekki bara
ástarlag til engrar manneskju.
Fólki finnst yfirleitt þægilegt að
hlusta á tónlist sem fylgir ákveðn-
um stefnum, en það á ekki við um
mig þótt ég væri til í það. Ég bara
get það ekki.“

Bjarney segir það alls ekki vera
meðvitaða ákvörðun um að synda
á móti straumnum en telur sig ekki
geta samið lög sem allir eða hver
sem er nær samstundis tengingu
við. „Ég er rosalega léleg í því, því
það lenda ekkert allir í sömu upp-
lifun,“ segir hún.

Á slæmum stað með
líkamslýtaröskun

Bjarney lýsir nýju plötunni sem
„naflaskoðunarævintýri“, þar
sem lögunum er raðað upp eftir
ákveðnum tilfinningum. Til að
mynda er síðasta lagið á plötunni,
sem ber heitið Enough, samið
um erfitt tímabil þegar Bjarney,
eins og hún segir, var komin langt
niður vegna líkamslýtaröskun-
ar. Að hennar sögn komu ýmsir
komplexar hennar til vegna þess
að ýmis hlutföll í andliti hennar

voru bjöguð.

„Ég var bara veik og komin með
sjálfsmorðshugleiðingar vegna
hlutfallanna á milli kjálkans og
gagnaugnanna. Það lagðist þungt
á mig og mér leið eins og skrímli,
því ég var með stóran kjálka. Haus-
inn var kominn lengst út í þessar
hringrásarhugsanir og ég var kom-
in á slæman stað út af þessu,“ segir
hún.

„Það eru mjög óvísindalegar
aðferðir að reyna og reyna án þess
að breyta neinu,“ segir hún og rekur
söguna af verstu tímum sjálfs-
traustsins og sjálfsímynndarinnar,
sem voru einn helsti kveikiþráð-
ur titillagsins Who Are You? „Mér
fannst ég svo oft föst á sama stað
á meðan allir sem ég þekkti voru
komnir áfram í lífinu. Mér fannst
ég alltaf reyna að láta líta út fyrir
að ég væri betri en ég er, með því
að gabba sjálfa mig í stað þess að
vera ánægð með mig eins og ég er.
Titillagið fjallar svolitíð um að taka
sig sjálfan í sátt, að vera sinn eig-
in vinur.“

Þegar Bjarney samdi svo lag-
ið Enough áleit hún það vera viss
spark í rassinn, áminning um að
gera eitthvað í hennar málum.
„Ég gerði mér grein fyrir að þótt
ég gæti ekki alltaf treyst öðru fólki,
þá gæti ég ekki heldur alltaf treyst
mínunum eigin haus. Og ég verð að
nota rökhugsunina eins mikið og
ég get.“

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



Það er ástæða fyrir því að Enough er seinasta lag plötunnar að sögn Bjarneyjar: „Því sagan sem þetta lag segir endar vel. Öll platan er í rauninni eins og ævintýri, en það er leiðinlegt að lesa ævintýri sem endar síðan illa. Mig langar að fólk, sérstaklega fólk sem tengir við plötuna, hafi von um að hlutir geti orðið betri og verði betri.“

Auðvelt skotmark fyrir einelti

Bjarney segir marga áheyrendur og fylgjendur sína hafa tengt sérstaklega við eitt tiltekið lag á nýju plötunni hennar. Ég fann krossfisk, sem fjallar lauslega um einelti. „Af einhverjum ástæðum hafa mjög margir Íslendingar lent í einelti í æsku,“ segir hún.

„Ég er fædd hloggóma og glímdi við vissa erfiðleika í tali, þannig að ég varð að mjög auðveldu skotmarki fyrir krakka sem vildu hefja sig upp með því að ýta einhverjum öðrum niður,“ segir hún. „Ég ber samt engar slæmar tilfinningar til þessara einstaklinga í dag og í fullkomnum heimi hefðu kennarar eða aðrir fullorðnir gripið inn í, en við búum auðvitað ekki í fullkomnum heimi. Heimurinn er ekki svo einfaldur að fullorðnir geti lagað allt. Það sem ruglar mig þó kannski mest er að margir þeirra sem lögðu mig í grimmt einelti urðu að frekar indælu, fullorðnu fólki í samfélaginu með allt sitt á hreinu og engar afleiðingar. Þá kemur oft þessi tilfinning að





Sumartilboð

Sægreifans

Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr








geirsgötu 8 / s. 553 1500

ég sé gamalt tyggjó eða eitthvað svoléiðis. Það þýðir að ég þurfi þá bara að vinna meira í mínum málum, því ég er að burðast með fleiri vandamál en þetta fólk.“

Þá segir Bjarney að leiðin að ástríðu hennar, tónlistarsköpun, hafi verið þyrnum stráð sökum tveggja innri radda sem komu hvor með sín skilaboðin. „Ég hef átt mér stóra drauma og önnur röddin í hausnum á mér segir mér að það sé möguleiki að eltast við þá en svo kemur hin sem segir að ég geti það ekki,“ segir hún. „Í raun ákvað ég að ég ætlaði að eltast við þessa drauma og yfirstíga hindranirnar, vonandi svo aðrir þyrftu ekki að glíma við neikvæðu röddina, til að sýna að þetta væri hægt. Því, ef ég á að segja alveg eins og er, þá er þetta mjög pirrandi rödd, þessi neikvæða.“

Plötuna segir Bjarney almennt taka á þungum málefnum en tekur fram að lagið sem ber einfaldlega heitið Lag um allt, sé síst í þeim dúr og gangi meira út á orðaleik. Texti lagsins kemur að skilaboðum um léttúðugar lausnir á alvarlegum málum. „Stundum, ekki alltaf, eru hlutirnir bara jafn alvarlegir og þú gerir þá.“

Fleiri tónleikar í „kjötheimum“


Þegar Bjarney segur ekki tónlist fönndrar hún einnig við myndlist og akrýlmálverk sem hluta af útrás sköpunargleðinnar en hún

segist eiga þann draum að halda fleiri tónleika. Hún hefur haldið þá nokkra í beinum útsendingum á veraldarvefnum en langar að halda fleiri „í kjötheimum“, eins og hún orðar það hress. Hún segir hindrunina vera skort á frumkvæði í að bóka eigin tónleika, en bætir við að hún sé að vinna í því.

„Ég hef mjög gaman af fólki og þegar mér gengur vel þá líður mér vel, en ég hef átt slæma tónleika þar sem ég stóð mig ekki. Það var ekki gaman, en ég þurfti bara að minna mig á að það koma aftur tónleikar og ég get alltaf gert betur seinna.“

Tónlist Bjarneyjar hefur að öðru leyti hlotið ýmsa gagnrýni og segir hún að fólk hafi átt til að gagnrýna framburð hennar. „Sumum finnst ég tala með of þykkum íslenskum hreim, sem mörgum finnst óþægilegur, en hann losna ég ekki við,“ segir hún. „Það þarf þó ekki öllum að líka við hann, það er bara þannig. En svo lengi sem ég hef pláss í heiminum til að gera það sem mig langar til að gera, þá erum við bara góð.“

Að sögn tónlistarkonunnar er hún á jákvæðum stað í dag auk þess sem hún bíður spennu viðbragða við nýju plötunni og hún segir allt ganga frekar vel. „Það er líka lykilatriði að vinna sig að velgengninni og vellíðan, því hún er ekki bara eitthvað sem við fáum í hendurnar,“ segir Bjarney. ■




SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050




TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

Flytjum: Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



SENDIBÍLASTÖÐIN HF
553 5050



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - www.sendibilastodin.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Frétt RÚV sem enginn átti von á

Mörgum finnst það fréttæmt þegar klámmyndastjórnur gera eitthvað í einkalífínu, flestum ekki. Því kom það mörgum á óvart að heyra fjallað um skilnað tveggja klámmyndaleikara í morgunfréttum RÚV í vikunni. RÚV hefur stundum látið það eftir sér að fjalla eilítið um fræga fólkíð en segja má að önnur vídd hafi opnast morguninn þann.

Vissulega á þessi tiltekna klámmyndastjarna í málaferlum við Bandaríkjaforseta, en það að hún sé að skilja við annan klámmyndaleikara er varla vending í málinu.

Margir vilja vernda RÚV sérstaklega vegna menningarlegs hlutverks stofnunarinnar, það er von að sumir hafi klórað sér í höfðinu þegar þessi sérstaklega verndaða menningarstofnun eyðir kröftum í að upplýsa þjóðina um einkalíf einhverra klámmyndaleikara, sérstaklega þar sem RÚV mundi seint sýna mynd með þeim.

Fylkingar

Það kom sumum á óvart þegar það var rifjað upp í vikunni að Davíð Oddsson og Jón Steinar Gunnlaugsson hefðu stutt Sævar Ciesielski í baráttu hans vegna endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála á síðustu öld. Fyrir mörgum eru þeir félagar holdgervingar valdsins og ólíklegir bandamenn í baráttunni fyrir réttlæti gagnvart kerfinu. Má segja að slíkar hugsanir megi frekar rekja til fylkinga sem hafa myndast í samfélaginu en raunveruleikans. Má í því samhengi benda á að þeir sem hafa stutt Sævar en ekki Davíð voru vægast sagt tregir til að mæra stuðning Davíðs við Sævar á samfélagsmiðlum. Fylking Davíðs myndi einnig seint mæra þá sem styðja ekki Davíð, sama á hverju dynur.



Blindfullir íslenskir tónleikagestir

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Stærsta mál síðustu viku var stórtónleikar Guns N' Roses sem fram fóru á Þjóðarleikvangi okkar Íslendinga, Laugardalsvelli. Tónleikarnir voru af áður óþekktri stærðargráðu og það skal hér með viðurkennast að undirritaður beið með öndina í hálsinum yfir fréttum af einhvers konar skipulagsklúðri. Það hefði nánast verið skiljanlegt enda er skipulagning á slíkum viðburði ótrúlega flókið verkefni.

Engar slíkar fréttir bárust hins vegar. Þess í stað virðast tónleikagestir á einu máli um að tónleikarnir hafi verið stórkostlegir. Á rúmgöðu tónleikasvæðinu herma heimildir undirritaðs að miðaldra rokkarar hafa staðið tárvtotir af aðdáun yfir misfullkomnum tónum úr barka æskuhetju sinnar, Axl Rose.

Eins og glöggir lesendur átta sig eflaust á þá sat undirritaður heima þetta kvöld. Ástæðan var fyrst og fremst sú að spænsk vinahjón hafa undanfarnar vikur (já, vikur) dvalið í sumarleyfi á heimili fjölskyldunnar ásamt börnum sínum. Þannig vill til að eftirlætishljómsveit Spánverjanna er einmitt Guns N' Roses og því bauðst ykkar einlægur til þess að passa barnunga syni hjónanna og leyfa þeim að eiga frábæra kvöldstund í Laugardal. Reyndar verð ég að viðurkenna að ég er ljúga þessu. Heitkona mín bauðst til þess að passa og ég sat í súpunni með fylusvip. Ég er bara ekki merkilegri maður en það.

Reynsla spænsku hjónanna af stærstu tónleikum Íslandssögunnar hefur þó sannfært mig um að við Íslendingar eigum ýmislegt eftir ólært þegar kemur að því að fara á slíka viðburði.

Í fyrsta lagi þurftum við hjónaley sin að stöðva þær fyrirætlanager spænsku hjónanna að mæta í biðröðina klukkan 9 um morguninn á tónleikadag. Röксеmdir þeirra voru þær að annars gætu þau aldrei komist nálægt sviðinu en þekkjandi okkar fólk þá sögðum við þeim að hafa ekki áhyggjur af því. Þau mættu því upp úr klukk-



an 15 í röðina en tónleikasvæðið var opnað þremur tímum síðar. Þau voru með þeim fyrstu inn en Íslendingarnir mættu flestir eftir opnun og biðu í langri röð eftir að komast inn.

Í öðru lagi trúðu þau ekki eigin augum þegar þau gátu farið nánast alveg upp að sviðinu og tekið sér stöðu þar. Þau hafa mikla reynslu af stórum tónleikum og yfirleitt er staði í gryfju fyrir framán tónleikasviðið selt á okurverði. „Við Íslendingar fyrirlítum stétta-

skiptingu,“ voru mín svör og var ég nokkuð hreykinn af þeim þeirri útskýringu. Spánverjunum þótti mikið til koma.

Í þriðja lagi fannst þeim með hreinum ólíkindum hversu drukknir tónleikagestir voru. „Af hverju voru ekki allir að njóta tónlistarinnar í stað þess að raða í sig drykkjum og bíða endalaust á barnum.“ Við þeirri spurningu átti ég fá svör og var kannski ekki í góðri aðstöðu enda drakk ég fimm bjóra á Justin Bieber-tónleikum

um árið.

Líklega gildir sama lögmál um risatónleika á Íslandi og sumarleyfisferðir á árum áður. Þá helltu ferðalangar sig fulla í flugvélinni á leiðinni út og margir urðu ekki beint besta útgáfan af sjálfum sér. Eftir því sem utanlandsferðir urðu hversdagslegri þá dró smám saman úr slíkri hegðun. Það er því mikil nauðsyn að risatónleikar verði reglulega skipulagðir héraendis svo íslenskir tónlistargestir verði smátt og smátt fagaðri. ■

BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS



Brot af því besta

27. júlí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



FISH HOUSE

Ljósbrott sumarsins

Á Fish House í Grindavík er ljóst að fiskurinn og nálaegðin við höfnina ræður ríkjum. Fiskur er í fyrirrúmi á matseðlinum, þó að þar sé fjölbreytt úrval annarra rétta. Innréttingar, þar á meðal fiskitunnur undir barborðinu, vísa til sjómennskunnar.

Hjónin Kári Guðmundsson og Alma Guðmundsdóttir opnuðu Fish House fyrir tveimur árum síðan um sjómannahelgina, en það hafði lengi verið draumur þeirra að opna eigin stað.

Matseðillinn er fjölbreyttur, en mismunandi seðlar eru í boði í hádeginu og á kvöldin. „Við erum nýbyrjuð með sérstakan hádegismatseðil,“ segir Kári og meðal rétta þar eru fiskisúpa, kjötsúpa, fiskur dagsins, fiskibollur, heilgrilluð bleikja, svínasnitel og hamborgarar.

Humar, kótilettur, nautasteik, salöt og eftirréttir; allir ættu að finna mat við sitt hæfi, hvort sem borðað er í hádegis eða um kvöld.

Ný og glæsileg heimasíða

Á heimasíðunni fishhouse.is má sjá allar upplýsingar um staðinn og matseðilinn sem boðið er upp á, fróðleiksmola um Grindavík og upplýsingar um náttúruperlurnar á Reykjanesi, sem er bara rétt fyrir utan Grindavík. Skemmtilegt er að skoða myndbönd á heimasíðunni af Brimkatli og Hópsnesi.

Það er tilvalið að gera sér ferð til Grindavíkur, skoða náttúruvegurðina sem Reykjanesið býður upp á, borða síðan á Fish House og njóta skemmtilegra viðburða.

Fish House bar og grill er að Hafnargötu 6 í Grindavík, síminn er 426-9999 og netfangið er info@fishhouse.is. Heimasíða: fishhouse.is



LÍFRÆNN GRÆNMETIS- OG ÁVAXTAKASSI

Frábær kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fjáröflun

Bændur í bænum er bændamarkaður á Grensásvegi 10, rekinn af bændunum á Akri í Laugarási. Markaðurinn býður aðeins upp á lífrænar og sjálfbærar vörur og leitar uppi það besta sem í boði er hér á Íslandi, ásamt því að flytja inn frá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í lífrænum afurðum.

Eitt vinsælasta tilboð markaðarins eru áskriftarkassar, sem afgreiddir eru vikulega út um allt land. Með þeim hafa viðskiptavinir aðgang að úrvals ferskvöru, sem breytist eftir framboði og árstíðum. Kassarnir eru afgreiddir í samstarfi við Olís á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi, með Flytjanda út á land eða í versluninni við Grensásveg.

Nýlega hófu Bændur í bænum samstarf við íþróttafélag til að auka framboð þeirra í fjáröflun sinni. Hugmyndin var að geta boðið upp á hollan kost til þeirra sem vildu styrkja félagið. Býður nú félagið upp á blandaðan ávaxta- og grænmetiskassa og hafa viðtökurnar verið framúrskarandi. Keyrt er heim að dyrum.

Hægt er að fá kassana í mismunandi stærðum og breytast þeir vikulega.

Besta leiðin til að kynna sér úrvalið er að koma í verslunina að Grensásvegi 10 en hún er opin virka daga frá kl. 11.00 til 18.15. Eða skoða netverslunina á síðinni: baenduribaenum.is



Blandaður ávaxta og grænmetiskassi – miðlungsstærð – 4.490 kr.



Blandaður ávaxta og grænmetiskassi – miðlungsstærð – 4.490 kr.



NORTH WEST HOTEL & RESTAURANT Í VÍÐIGERÐI

„Fólk fréttir af því að hér sé góður matur“

Flestir kannast við matsöluastaðinn Víðigerði í Húnaþingi vestra.

Eftir að hafa áratugum saman verið með frægari vegasjóppum varð Víðigerði gjaldþrota árið 2013. Nýir eigendur keyptu húsnæðið vorið 2014 og hófu markvissa uppbyggingu undir heitinu North West Hotel & Restaurant. Í dag er þar rekið hótél og veitingastaður af miklum myndarskap og orðspor matarins á nýja veitingastaðnum veldur því að sífellt fjölgar Íslendingum sem staldra þar við.

„Við höfum enn ekki breytt neinu í ytra útliti staðarins enda margt annað sem var brýnna þegar við komum að þessu, en stefnt er á endurbætur í upphafi næsta árs. Við höfum hins vegar mikið endurnýjað innviðina og fórum strax í miklar framkvæmdir á efri hæð aðalbyggingarinnar og erum þar með niu hótélherbergi með sérbaði og sameiginlegri setustofu. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem gista er erlendir ferðamenn en á veitingastaðnum eru Íslendingar mjög stór hluti viðskiptavinnanna og þeim fer sífellt fjölgandi,“ segir Kristinn Bjarnason sem rekur staðinn ásamt móður sinni, Guðlaugu Jónsdóttur, og stjúpföður, Hallgrími Hallgrímssyni.

Kristinn segir að orðspor veitingastaðarins í breyttri mynd berist víða. „Þetta er snjóbolti sem er farinn að

rúlla, fólk fréttir af því að hér sé góður matur og við leggjum okkur fram við að gera betur á hverju ári,“ segir Kristinn en fjölskyldan hefur lagt áherslu á hægfara uppbyggingu staðarins:

„Við vildum ekki skuldsetja okkur of mikið strax og höfum tekið fyrir eitt ár í einu og gert þetta af yfirvegun og það hefur borgað sig.“

Matseðillinn er fjölbreyttur. Hamborgararnir seljast alltaf vel og er lagt upp úr því að þeir séu eins góðir og mögulegt er. Meðal annarra rétta eru grillaðar lambakótelettur sem njóta gífurlegra vinsælda, hægeldaðar kjúklingabringur og grisaríf, íslensk kjötsúpa með heimabökuðu brauði, djúpsteiktur þorskur og fleira. Svo má einnig finna smárétti á seðlinum fyrir þá sem eru bara að leita að snarli. Þar má nefna reyktan silung frá Mývatni, grafinn lax sem er gerður á staðnum og beikonvafðar dödlur. Svo er réttur dagsins á kvöldin alla virka daga.

Annad sem breyst hefur í matreiðslunni á staðnum er áhersla á besta mögulega hráefni. „Við erum í langhlaupi í þessu, við kaupum bestu vöruna sem við teljum okkur komast í og trúum því að það skili sér á endanum, sem það er að gera. Enda



mikil aukning á hverju ári. Við finnum að margir Íslendingar eru meira en til í að stoppa annars staðar en á bensinstöð á ferð sinni um landið og fá sér að borða. Við vonum bara að fólk sýni okkur þolinmæði á meðan við erum að klára að dusta rykið af þessum stað.“

Einn ónefndur kostur við að snæða á North West Hotel í Víðigerði er náttúrufegurðin allt í kring og einstaklega fallegt útsýni úr matsalnum. „Hér er ofboðslega fallegt útsýni og við erum með Víðidalinn og Víðidalsfjallið á glugganum. Þessi staður á alveg að geta blómstrað ef við höldum áfram að þróa hann í rétta átt. Við erum að velta fyrir okkur ýmsum möguleikum,“ segir Kristinn.

Sjá nánar á Facebook-síðunni „North West Hotel & Restaurant“





VEITINGASTAÐURINN GEITAFELL

Fullkomnar ferðina á Vatnsnesið

Það kann að hljóma sem fullmikil þjartsýni að opna veitingastað utan alfaraleiðar eða um 20 kílómetrum frá litlum þéttbýlisstað, Hvammstanga. En þetta gerði Róbert Jón Jack árið 2002 og í dag er veitingastaður hans, Geitafell á Vatnsnesi, afar vinsæll. Um 6–10.000 manns snæða á staðnum árlega, flestir erlendir ferðamenn, en staðurinn er opinn frá 15. maí og út september.

Róbert og eiginkona hans keyptu jörðina árið 2002 og byggðu þar afskaplega fallegt íbúðarhús í stíl gamla íslenska sveitabæjarins. Veitingastaðurinn sjálfur er í húsnæði sem upphaflega var hlaða.

Súrheysturninn á landareigninni var hins vegar endurbyggður eins og skoskur kastalatur; á fyrstu hæðinni er minjasafn um sveitina í kring og þá sem þar hafa búið, en á annarri hæð er stórmerkilegt safn tengt enska knattspyrnuliðinu Man. Utd.

en tengsl hafa verið hjá Róberti og ættingjum hans við gamlar stjórnur og fyrrverandi þjálfara liðsins. Þetta er safn sem enginn aðdáandi Man. Utd. ætti að láta framhjá sér fara.

Á efstu hæðinni er síðan stórkostlegt útsýni yfir flóa, strandir og skaga.

„Það er tilvalið í einni ferð að skoða Selasetrið á Hvammstanga, selalátrin við Svalbarð og Illugastaði sem er næsti bæur við okkur, koma í mat til okkar að Geitafelli, skoða svo Hvítserk, Borgarvirki og Kolugljúfur á leiðinni heim,“ segir Róbert.

Dýrindis sjávarréttir

Bændur á Vatnsnesi lifðu á sjávarútvegi og í þeim anda er einfaldur matseðill Geitafells en þetta er sjávarréttastaður og eru aðalréttirnir þrjú: Sjávarréttasúpa með salati og heimabökuðu brauði, pönnusteiktur silungur og humar.

Réttirnir þykja afbragðsgóðir enda

aðeins ferskasta hráefni notað og aðföng sótt í heimabyggð svo útkoman verður aldrei annað en dásamleg.

Þá spilla ekki fyrir gómsætir eftirréttir en í boði eru skyrkaka, skúffukaka og hjónabandsæla.

Rauðvín, hvítvín og bjór eru til drykkjar og auk þess gosdrykkir, safar, kaffi og te.

Tökustaður Burial Rites

Skammt undan eru Illugastaðir sem eru sögusvið hinnar frægu skáldsögu eftir Hannah Kent, Náðarstund, eða Burial Rites. Sagan byggir á einu frægasta sakamáli Íslandssögunnar um þau Natan, Agnesi og Friðrik en þau tvö síðarnefndu eru jarðsett í kirkjugarðinum að Tjörn.

Ákveðið hefur verið að gera kvikmynd eftir skáldsögunni og hefjast tökurlar þarna fyrir norðan í sumar eða næsta sumar. Stórleikkonan Jennifer Lawrence verður í hlutverki Agnesar.

Sem fyrr segir er Geitafell afar



vinsælt meðal erlendra ferðamanna sem þyrpast þangað á sumrin og hefur staðurinn fengið frábæra dóma á Trip Advisor. Það er hins vegar full ástæða til að hvetja íslenska ferðalanga til að eiga gæðastund á Geitafelli í sumar.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni geitafell.is

TUNGUSILUNGUR ER FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI ÞAR SEM FJÓRIR ÆTTLIÐIR STARFA SAMAN

Regnbogapaté og fleira lostæti

Tungusilungur er með minnstu fiskeldisfyrirtækjum landsins og um leið merkilegt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir hágæða sælkeravörur á borð við birkireyktan regnbogasilung, reyktu og grafna bleikju, ferska bleikju, ferskan silung og fleira lostæti. Stór hluti ferskvörunnar fer í útflutning og á Fiskmarkaðinn en aðrar afurðir Tungusilungs fást í verslunum Samkaupa, Mosfellsbækaríi, Fjarðarkaupum, Melabúðinni og í Kolaportinu.


„Faðir minn, Magnús Guðmundsson, stofnaði Tungusilung árið 2002 og síðan hefur fyrirtækið stækkað hægt og rólega,“ segir Freyja Magnúsdóttir, en í þessu fjölskyldufyrirtæki er nú fjórði ættliðurinn kominn til starfa. „Við systurnar fimm komum snemma inn í reksturinn, síðan bættust synir mínir í hópinn og núna eru barnabarnabörn þabba farin að starfa hér í skólafriumi á sumrin.“

Starfsemin skiptist í fiskeldi á landi við strendur Tálknafjarðar og fiskvinnslu í þorpinu. Þrjú afkomendur Magnúsar starfa við vinnsluna og til viðbótar eru tveir sem vinna við fiskeldið. Í heildina eru níu starfsmenn í fyrirtækinu sem allir tengjast fjölskyldunni að einhverju leyti.

Afurðirnar frá Tungusilungi eru margrómaðar kræsingar og til viðbótar við það sem upp var talið

eru þau með á boðstólum svokallað regnbogapaté, þ.e. paté úr reyktum regnbogasilungi. Freyja segist telja að ekki séu aðrir aðilar með sambærilega vöru á markaði.

Tungusilungur er til húsa við Strandgötu 39 á Tálknafirði og hægt er að kaupa vörurnar á staðnum eða pantu. Fyrirspurnir má senda í gegnum Facebook-síðu Tungusilungs eða með tölvupósti á tungusilungur@simnet.is. Einnig er hægt að hringja í síma 456-2664 og 863-0977. Skemmtilegast er þó að gera sér ferð um héraðið, kaupa á staðnum, spjalla við starfsfólkið og skoða starfsemina í leiðinni.



LINDARBREKKUBÚIÐ SELUR ALIKÁLFAKJÖT BEINT FRÁ BÝLI

„Maður þarf að skapa sjálfur sín eigin tækifæri“

Fyrir fjórum árum höfðu hjónin Guðbjörg Guðlaugsdóttir og Hilmar Þór Sunnuson hug á að kaupa sumarhúsið í Borgarfirði til að eiga afdrep í sveitasælu. Hugmyndin vatt hins vegar upp á sig og þau keyptu jörð á sunnanverðu Snæfellsnesi sem verið hafði í eyði í 30 ár. Á Lindarbrekkubúinu reka þau nú blandað bú og selja allar sínar afurðir beint frá býli.

„Við erum aðallega í kálfakjötsframleiðslu, kaupum ca. vikugamla kálfa sem við ölum í 9–12 mánuði og seljum síðan kjötið beint frá býli,“ segir Guðbjörg. „Við erum einnig með kindur, landnámsþætur og höfum prófað að hafa grísi á sumrin.“

Bæði þekkja þau ágætlega til þess að búa í sveit, Hilmar er alinn upp í sveit og Guðbjörg hafði verið í sveit sem barn. Guðbjörg vann við bókhald í Reykjavík og Hilmar sem vélvirki á Grundartanga þegar fjölskyldan ákvað að flytja og því hefur starfsvetvangurinn breyst talsvert þó reynslan nýtist líka vel í sveitinni. Þar eru dagarnir oft langir, nóg að gera á bænum og fjölmargar hugmyndir sem hugur stendur til að koma í framkvæmd.

Hjónin fluttu með þrjú af fjórum börnum sínum í sveitina, elsta var

komið í framhaldsskóla og býr hjá afa og ömmu í Reykjavík. „Börnin fóru úr 500 barna skóla í 18 barna skóla. Við erum kát og glöð með breytinguna, þetta er ævintýri og lífsfylling. Og okkur hefur verið vel tekið alls staðar, bæði okkur og afurðunum okkar.“

Við byrjuðum hér upp á nýtt og erum að byggja upp og breyta. Við erum bara að þróast í rölegheitunum og finna út hvar við viljum vera, stækka og hvar aðaláherslurnar eigi að vera,“ segir Guðbjörg. „Hugmyndirnar eru fleiri en tíminn til að framkvæma þær, það er svo margt spennandi hægt að gera.“

Kálfakjötið hreint kjöt og keyrt heim beint frá býli

„Okkar kjöt er af 9–12 mánaða kálfum, það er farið að taka á sig lit, en er ljósara og fingerðara en nautakjöt, það er meyrnt og mjúkt og hefur fengið að hanga vel,“ segir Guðbjörg. „Það er alveg hreint. Það eru engin lyf, vatn eða önnur íblöndunarefni. Það er bragðgott, auðmeltanlegt og létt í maga.“

Allar afurðir okkar eru seldar beint frá býli. Kostir þess eru rekjanleiki, millilíðalaus viðskipti, persónuleg tengsl neytenda og framleiðanda, áhersla á góða umhirðu og aðbúnað dýra á bænum, kjötið er unnið af

kjötiðnaðarmönnum með mikla reynslu, sveigjanleiki er í viðskiptum þar sem tillit er tekið til þarfa kaupandans, 100% hreint kjöt og heimsending. Við reynum að afgreiða allar okkar pantanir eins fljótt og auðið er, keyrum heim á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi eða sendum með landflutningum út á land oftast innan viku frá pöntun, mesta salan er á sumrin og þá er líka auðveldast að keyra út. Sveitalífið er fjölbreytt, endalaust púl, hörkuvinna, og ofboðslega skemmtilegt.“

Hjónin eru með fleiri hugmyndir í vinnslu. „Við erum komin með framleiðsluleyfi fyrir sultum, marmelaði, pestó og fleira og höfum verið að prófa okkur áfram í brjóstsykurgerð. Síðan hef ég líka verið að vinna með handlitað band sem er ótrúlega skemmtilegt viðbót.“

Við erum nokkrar konur í sveitinni sem stöndum að Búsæld, sem er eins konar „farmers market“, sem rekin er í



félagsheimilinu á Breiðabliki

á sunnanverðu Snæfellsnesi í samstarfi við upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem er opin alla daga. Í Búsæld er bæði hægt að fá handverk og matvæli úr héraði og þar er hægt að kaupa allar okkar vörur – sem og á heimasíðunni okkar, www.lindarbrekka.is.

Finna má allar upplýsingar um Lindarbrekkubúið og vörur þess á heimasíðunni lindarbrekka.is og Facebook: Lindarbrekkubúið.

HÓTEL LAUGARBAKKI OG VEITINGASTAÐURINN BAKKI:

Miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar

Þetta var umfangsmikið, við vorum með stóran hóp iðnaðarmanna úr héraðinu og það var unnið stanslaust allan veturinn frá morgni til kvölds til að geta opnað í maí. En þetta gekk, við opnuðum ekki allt húsið þarna um vorið heldur aðalbygginguna, en um mitt sumar 2016 opnuðum við neðri hæðina í gamla skólahúsinu og í apríl 2017 klárðuðum við að taka öll húsin í notkun,“ segir Hildur Ýr Arnarsdóttir, hóteltjóri að Hótel Laugarbakka. Hún og eiginmaður hennar fóru fyrir kaupum á gamla héraðsskólanum að Laugarbakka í Miðfirði og opnuðu þar hótél fyrir réttum tveimur árum, eða í maí 2016.

Hótel Laugarbakki er þrjú stjörnu hótél með 56 herbergi sem öll eru með baði, sjónvarpi, hárpurrku, baðvörum, sloppum og mörgu fleiru. Nokkur herbergi eru fyrir þrjú eða fleiri en sífellt fleiri nýta sér þann kost. Þessi stærri herbergi henta vel fyrir fjölskyldur en líka vini sem vilja spara sér gistikostnað, til dæmis tvö vinapör.

Hótel Laugarbakki er afskaplega vel staðsett í náttúrufegurð Miðfjarðar með Hvítserk, Koglugjúfur og Borgarvirki í kring. Þetta er nákvæmlega miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar og akstursvegalengdin er rétt um 200 kílómetrar frá hvorum stað. „Hér er mikil uppbygging og fólk er að uppgötva þetta svæði, Suðurlandið er að miklu

leyti mettað en hingað er spennandi að koma því það er svo mikið líf hérna í Húnáþingi,“ segir Hildur.

Meirihluti gesta á Hótel Laugarbakka yfir sumartímam er erlendir ferðamenn en Íslendingar gista meira á öðrum tímum, til dæmis um helgar, á haustin og veturna. „Við erum með tilboðspakka á haustin sem henta til dæmis vel hjónum og pörum, þar fléttast inn sú dagskrá sem við erum með hér hverju sinni. Til dæmis erum við með villibráðarhlaðborð í lok október sem er afar vinsælt og jólahlaðborðin taka svo við lengra inn í haustið. Við fáum líka hingað listamenn úr Reykjavík, höfum til dæmis verið með Ellen og KK, og svo eru jólatónleikar í desember. Svo eru hér heitir pottar og útisturtur sem gera þetta að huggulegri gistingu fyrir hjón og pör.“

Veitingastaðurinn Bakki

Afbragðsgóður veitingastaður er rekinn að Hótel Laugarbakka og er hann ekki síður yfir ferðalanga sem eiga leið um en gesti hótelsins. „Ég er hér með tvo frábæra kokka, hann Ingvar Óla yfirmatreiðslumann og svo hana Svövu Karen. Við erum mikið með mat út héraðinu, fáum allt okkar lambakjöt úr Húnáþingi, frá sláturhúsinu á Hvammstanga; á sumrin fáum við jarðarber úr gróðurhúsunum hér við hliðina; gæsakjötið er hér af svæðinu



enda mikið fuglalíf hér; silungur og þorskur eru líka héðan,“ segir Hildur en mikið er lagt upp úr ferskleika hráefnisins sem unnið er úr á veitingastaðnum.

„Við leggjum líka mikið upp úr því að stilla verðlagi í hóf á veitingastaðnum,“ segir Hildur en segja má að verðlagið sé einn af þeim kostum Bakka sem gera hann að fjölskylduvænum veitingastað.

Frábær aðstaða fyrir fundi og ráðstefnur

„Við erum með frábæra aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur sem fyrirtæki nýta sér mikið. Grettissalurinn okkar tekur 250 manns í sæti og við bjóðum upp á mjög finan fundarþúnað. Síðan erum við líka með minni fundarherbergi, meðal annars Ásdísarstofu. Þetta hentar bæði fyrir stóra viðburði og litla fundi. Fyrirtæki sem eru með útibú bæði á Akureyri og Reykjavík hafa nýtt sér þetta mikið enda liggur staðurinn nákvæmlega miðja vegu milli Akureyrar

og Reykjavíkur.“

Fundarsalirnir bera nöfn Grettis sterka Ásmundssonar og Ásdísar móður hans en Grettir er fæddur skammt frá Hótel Laugarbakka. Þau mæðgin eru ekki einu sögufrægu persónurnar á svæðinu því á Illugastöðum, þarna skammt frá, bjuggu þau Agnes Magnúsdóttir og Natan Ketilsson, aðalpersónur eins frægasta sakamáls Íslandssögunnar, sem gerð hafa verið góð skil í hinni frægu skáldsögu eftir Hannah Kent, Náðarstund. Erlent kvikmyndatökulið er væntanlegt á svæðið sumarið 2019 vegna kvikmyndunar á skáldsögunni.

Nánari upplýsingar og bókanir eru á vefsíðunni hotellaugarbakki.is

Sjá einnig Facebook-síðu veitingastaðarins Bakki.

KRYDD ER Í HJARTA HAFNARFJARÐAR

Humarsalat, grís í kleinuhring og fleiri snilldarverk

Veitingastaðurinn Krydd var opnaður í lok apríl, í hjarta Hafnarfjarðar, nánar tiltekið í menningarmiðstöðinni Hafnarborg. Þar með rættist gamall draumur sex innfæddra Hafnfirðinga, þriggja para, sem eru þau Hilmar Þór Harðarson og Hulda Heiðrún Óladóttir, Signý Eiríksdóttir og Jón Tryggvason, og Geirþrúður Guttormsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson.

„Þetta er staðurinn sem okkur dreymdi alltaf um og þá á ég við að okkur langaði að það væri til svona veitingastaður í Hafnarfirði sem við gætum sótt,“ segir Hilmar Þór Harðarson sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra og yfirkokks á Kryddi. En hvernig staður er þá Krydd? Karakterinn lýsir sér meðal annars í rýminu og innréttingunum sem taka mið af heimi hafnarinnar og sjósóknar.

„Í upphafi vorum við fyrst og fremst spennnt fyrir plássinu, lofthæðin er mikil og það eru stórir, flottir gluggar. Við sáum þarna líka möguleika á að nýta bryggjutimbur sem er ráðandi þema á barnum og ganginum,“ segir Hilmar en hönnuðir staðarins eru þau Geirþrúður Guttormsdóttir, Jón Tryggvason og Signý Eiríksdóttir.

Frumleiki og bragðlaukagælur í matargerðinni

Krydd er með breiðan matseðil þar sem áhersla er á gæði, frábært bragð, gott hráefni og frumleika. Í hádeginu



er boðið upp á nokkur salöt sem henta frábærlega vinnandi fólki í dagsins önn, þar á meðal humarsalat.

„Einn rétturinn er rifinn grís með BBQ, borinn fram í kleinuhring og hefur sá réttur heldur betur farið á flug,“ segir Hilmar.


Af öðrum vinsælum réttum má nefna Hafnarborgarann, nautarif og margt fleira. Oft er skipt um matseðil og um að gera að fylgjast með á kryddveitingahus.is.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni kryddveitingahus.is. Þar er líka hægt að ganga frá pöntun á borði. Hilmar mælir með þeirri leið en hún er þó ekkert skilyrði. „Við vísum engum frá og ef það er ekki laust borð er fint að biða herna á huggulegu sófasvæðinu og fá sér



fordrykk á meðan beðið er.“

Hafnfirðingar og fjölmargir aðrir eiga góðar stundir í vændum á Krydd veitingahúsi.



HRAUN VEITINGAHÚS:

Fjölbreytni fyrir ferðamenn og fjölskyldur

Hraun veitingahús í Ólafsvík er stærsti veitingastaðurinn í Snæfellsbæ og var um tíma eini veitingastaðurinn á svæðinu. Jón Kristinn Ásmundsson matreiðslumaður stofnaði staðinn árið 2014. Hraun var hugsað sem fjölskylduveitingastaður og er það enn í dag en þjónar um leið gífurlegum fjölda erlendra ferðamanna.

„Meginlína í matreiðslunni er fjölbreytnin en við erum með 78 rétti. Menn hrista hausinn þegar við segjum frá því. Önnur meginlína er sú að við kaupum hráefni eins nálægt okkur og hægt er. Erum til dæmis með mikið af fiski úr Breiðafirðinum – þorsk, bleikju, bláskel og hörpuskel. Nautakjötið í hamborgarana okkar kaupum við síðan frá Mýranauti sem er á Mýrunum,“ segir Jón.

Hraun býður líka upp á lambasteik og lambakjöt í kjötsúpu. Jón segir að útlendingarnir panti meira af fiski en Íslendingar sem sækja staðinn en gott úrval af pitsum fellur gjarnan í kramið hjá fjölskyldum.

„Við erum mjög stór veitingastaður og erum að taka á móti mest um 500-600 gestum á stærstu dögnum,“ segir Jón. Hraun tekur 90 manns í sæti innandyra og 40 á útisvæði sem er vinsælt þegar

vel viðrar.

Yfir sumartímam er opið frá 11:30 til 21:00 alla daga vikunnar en einnig er opið á veturna. „Við ákváðum frá byrjun að hafa opið allt árið en þá var engin traffik um svæðið á veturna. Það hefur breyst með stóru auknum ferðamannastraumi. Á veturna bjóðum við jafnframt upp á dæmigerðan íslenskan heimilismat í hádeginu sem vinnandi íbúar á svæðinu nýta sér óspart,“ segir Jón. Hann segir jafnframt að Hraun finni fyrir því að ferðamannatímabilið hafi lengst upp í allt að hálfu ári, sem hafi mjög góð áhrif á aðsóknina á staðinn.

Jón flutti til Ólafsvíkur fyrir átta árum og unni sér afar vel. „Ég ætla aldrei að flytja hédan. Það er líka svo óskaplega gaman í vinnunni og ég hlakka til að mæta í hana á hverjum morgni,“ segir hann.

Hraun veitingahús er staðsett Grundarbraut 2 í Ólafsvík. Símanúmer er 431 1030. Sjá nánar á Facebook-síðunni Hraun veitingahús.



EFSTIDALUR

Einstök upplifun á fjölskyldureknum sveitabæ

Í uppsveitum Árnessýslu er Efstidalur þar sem rekinn er veitingastaður, ísbúð, hestaleiga og gisting. Gestir geta fylgst með kúnum og störfum í fjósinu um leið og þeir kaupa ís í ísbúðinni, notið veitinga beint frá býli og keypt afurðir beint af býli.

„Foreldrar okkar byrjuðu árið 1994 með hestaleigu og að fara með ferðamenn upp að Brúarfossi eftir Kónsveginum sem liggur í gegnum landið okkar. Kónsvegurinn er fyrsta heimildin um Gullna hringinn en hann var lagður árið 1907 fyrir Friðrik Danakonung frá Reykjavík alla leið að Gullfossi og Geysi,” segir Sölvi Arnarsson, sem tók við rekstrinum á Efstadal af foreldrunum fyrir ári ásamt systur sínum, Höllu Rós Arnarsdóttur og Guðrínu Karitas og Lindu Dögg Snæbjörnsdætrum.

Systkinin í Efstadal: Sölvi, Guðrún, Linda og Halla.

„Árið 2002 byrjuðu foreldrar okkar með fjögur herbergi í heimagistingu. Mikið var að gera í því þannig að þau byggðu annað hús með 10 herbergjum sem hefur verið í rekstri síðan 2005. Það var svo haustið 2012 sem við hófumst handa við að breyta hluta hlöðunnar í ísbúð og

veitingastað, ásamt viðbyggingu fyrir ísvinnslu, eldhús, móttöku, bar og starfsmannaaðstöðu. Opnað var í byrjun júní árið 2013. Um þetta leyti var ferðaþjónustan á Íslandi mjög vaxandi, en ekki eru mörg ár síðan nánast enginn var á ferli frá september fram í maí.”

Hugmyndir foreldranna og rekstur hafa svo sannarlega slegið í gegn hjá ferðamönnum.

„Fólki finnst skemmtilegur sjarmi yfir þessu og matartengd ferðaþjónusta er alltaf að verða sterkari,” segir Sölvi. „Við erum búin að vera nánast fullbókuð síðustu fimm ár í gistingu og margir þeirra fara í reiðtúr, en hestaleigan er opin á sumrin.

Þó að okkur finnst við bara úthverfi í Reykjavík finnst mörgum ferðamönnum vera agalega mikil sveit hjá okkur. Fyrsta árið voru Íslendingar 60–70% viðskiptavina okkar. Margir gesta okkar eru Íslendingar úr sumarþústöðunum hér allt um kring. Einnig finnst mörgum lítið mál að gera sér ferð úr Reykjavík, enda rétt um klukkustundar akstur.”

Þessi mynd er tekin í gamla íbúðarhúsinu, en stofunni hefur verið breytt í glæsilegt fjölskylduherbergi. Fjölskylduherbergið er með sér

baðherbergi.

Framleiðslan sýnileg á meðan matar er neytt

Í ísbúðinni á neðri hæðinni er hægt að fá bæði kúlaðan ís, sem er í takt við ítalska ísinn gelato og ís úr vél. Ísinn er heimatilbúinn og er hægt að fylgjast með framleiðslunni.

„Við sækjum mjólkina í fjósið á morgnana og búum til ísinn og gestir geta horft á ferlið í gegnum glugga úr ísbúðinni. Þú horfir bara á beljuna jórtra heidi hinum megin við gluggann. Það er mjög gaman þegar fólk spyr hvort þetta sé feik,” segir Sölvi. Einnig eru gluggar á veitingastaðnum þar sem hægt er að fylgjast með kúnum. „Við vorum efnis í fyrstu, á köflum, en raunin er að þetta eru vinsælustu borðin á staðnum.”

Hægt er að komast í návígi við litlu kálfana.

Matseðill breytilegur eftir umhverfi og hráefni

Veitingastaðurinn á efri hæðinni býður upp á fjölbreyttan mat. „Matseðillinn er á kritartöflu upp á vegg, þar sem hann er lifandi og breytilegur eftir umhverfi og hráefni,” segir Sölvi.

„Við búum til eigin hamborgara úr kjóti sem við vinnum sjálf, nautasteikur sem við ræktum sjálf, svo erum við með íslenska lambið, silung sem er veiddur í Laugavatni og Apavatni. Salatið verður ekki ferskara, það kemur úr



gróðurhúsunum hér í kring. Síðan erum við með nýjung á matedlinum, pitsu sem við köllum „Meetza.” Botninn er ekki brauðbotn, heldur hakkbotn. Við leikum okkur einnig með skyreftrirrétti og osta.”

Einnig er í boði að fara á neðri hæðina í ísbúðina, sækja sér ís og koma með upp á veitingastaðinn.

Það verður enginn svikinn af ferð í Efstadal, hvort sem það er til gistingar í eina eða fleiri nætur, eða heimsókn í ísbúðina og veitingastaðinn. Upplifun sem er engri lík.

Hægt er að panta kynningu og smakk á mjólkurvörum sem við framleiðum; feta, skyr, mysa og ís.

Efstidalur er opin allt árið, nema hestaleigan aðeins yfir sumartímann. Síminn er 486-1186 og 848-1622.

Nánari upplýsingar á heimasíðu og Facebook; Efstidalur

LANGAHOLT:

Heimilislegt gistihús ljúffengur matur

Langaholt er fjölskyldufyrirtæki í landi Ytri Garða á sunnanverðu Snæfellsnesi og húsráðendur eru Rúna Björg og Keli Vert. Áhersla er lögð á heimilislegan anda á Langaholti og þar er notalegt að gista og snæða.

Fjörtíu herbergi eru í Langaholti og svefnpláss fyrir yfir 80 manns. Að sögn Kela er mikill meirihluti gesta erlendir ferðamenn. „Þetta er þannig staður að við erum í erlendu túristunum og þeir eru hryggjarstykkið í öllu hér. En það er bæði áhugavert og í raun skylda fyrir Íslendinga að ferðast um Snæfellsnesið og kynnst því. Ef þú ert að koma hingað úr höfuðborginni þá geturðu gert margt og mikið á einum degi og komið heim aftur að kvöldi. Slíkt ferðalag getur gert þann dag stóran og upplifgandi og svo er ekki úr vegi að fá sér að borða í leiðinni.”

Langaholt liggur töluvert sunnar en hin þekktu sjávarþorp sem eru á Snæfellsnesi, Ólafsvík, Hellissandur og Stykkishólmur, og tekur hámark tvær klukkustundir að aka þangað frá höfuðborgarsvæðinu.

Gera gott úr því sem í grenndinni er Veitingastaðurinn að Langaholti er öllum opin, jafnt þeim sem gista og þeim sem eiga leið um svæðið.

Er hann opin frá morgni til kvölds. Morgunverður er framreiddur frá kl. 7 til 10 og segir Keli að auk hótलगgestanna séu margir af tjaldsvæðinu í grenndinni sem nýti sér það.

„Frá hádegi og fram eftir degi er þetta síðan heldur einfaldari matseðill sem er í gangi, það er súpa og á þessum tíma selst líka mikið af plockfiski. Frá klukkan sex til níu á kvöldin er síðan stór matseðill í gildi,” segir Keli.

En hvað einkennir matseldina á Langaholti?

„Staðbundið er lykilorð hér. Og svo er þetta fyrst og fremst fiskiveitingastaður. Hér bjóðum við upp á það sem kemur úr hafinu á Snæfellsnesi. Við kaupum sjávarfang ferskt af fiskmörkuðum, bláskelin kemur úr Breiðafirði frá manni sem ræktar hana þar, og hér er ekkert af fiski sett í frost, allt hráefni er ferskt.

Þetta er líka mikið fullvinnslueldhús, við marinerum allt meira og minna sjálf, gerum allar sultur og kæfu sjálf, allan bakstur önnumst við. Og við tökum skepnuna með hausu og hala og nýtum allt sem við mögulega getum af henni. Hér gildir að gera sér að góðu það sem í grenndinni er og gera gott úr því.”


Ljóst er að Langaholt er kjörinn



áningarstaður fyrir þá sem eiga leið um Snæfellsnes, hvort sem er til að njóta náttúrunnar þar í kring, snæða mat úr héraði á góðum veitingastað eða gista við notalegar og heimilislegar aðstæður.

„Á svona stórum gististað eru alltaf einhver pláss laus,” segir Keli. Langaholt er á öllum helstu bókunarsíðum en það er líka hægt að hringja í síma 435 6789, kanna hvað er laust og bóka herbergi.

Sjá nánar á vefsíðunni langaholt.is.



HÓTEL FLATEY:

Í tímalausri fegurð og kyrrð



Myndir: Friðgeir Helgason

Pað vita kannski fáir að ef þú ert að ferðast með bilinn þinn með ferjunni Baldri frá Stykkishólmi til Vestfjarða eða frá Vestfjörðum til Stykkishólms þá geturðu beðið starfsfólkið í Baldri um að aka bílnum þínum í land á áfangastaðnum og geyma fyrir þig lyklna. Þú getur hins vegar farið úr ferjunni í Flatey og gisti eina nótt þar. Þessi þjónusta um borð í ferjunni kostar ekkert aukalega," segir Heiðrún Jensdóttir, hóteltjóri á Hótel Flatey.

Það eru margar góðar ástæður til að dveljast í Flatey og þetta er ein þeirra. Önnur er sú að Hótel Flatey býður 20% afslátt af gistingu á völdum nóttum í sumar.

Að sögn Heiðrúnar eru erlendir gestir á Hótel Flatey í dálitlum meirihluta en hótelið er þó allvinsælt meðal Íslendinga. „Það er líka algengara að erlendir ferðamenn gisti hér í meira en eina nótt þar sem Flatey er oft inná ferðaplaninu þeirra, meðan Íslendingar gista oftast í eina nótt," segir Heiðrún.

Ferskleikinn í fyrirrúmi

Á Hótel Flatey er rekinn framúrskarandi veitingastaður sem er öllum opin, hvort sem þeir gista á hótelinu eða ekki. „Það er kjörið að stoppa einn dag í Flatey, fara í gönguferð og njóta fegurðarinnar og borða síðan dásamlegan mat á veitingastaðnum," segir Heiðrún, en mikil áhersla er lögð á ferskt hráefni:

„Við reynum að hafa hráefnið sem mest frá staðnum eða nærliggjandi stöðum. Við erum með fjölbreyttan matseðil. Á matseðlinum er m.a. þorskur, lamb, kaviar og bláskel. Kaviarinn okkar er grásleppukaviar sem sjómenn hérna í eyjunni sjá okkur fyrir og gerist ekki ferskari; bláskelin kemur alveg fersk hingað beint frá Stykkishólmi. Þorskurinn og silungurinn koma hins vegar frá Vestfjörðum. Hér er allt unnið frá grunni, við bökkum okkar eigið súrdeigsbrauð og kokkurinn býr meira að segja til kryddið í fiskréttina úr þara héðan úr fjörinni."

Kyrrð og fegurð – einstakur staður

„Hérna getur fólk upplifað tímaleysi og hlaðið batteri in í kyrrð og fegurð," segir Heiðrún og bendir á einstakt



fuglalífið sem er einstaklega gaman að skoða. „Svo eru það öll gömlu, fallegu og vel uppgerðu húsin hérna sem eru sannkallað augnayndi. Hérna er elsta bókasafn landsins sem gaman er að skoða og kirkjan er fallega skreytt með málverkum eftir Baltasar Samper. Flatey er einstakur staður."

Þá spillir ekki fyrir að reglulega eru skemmtilegar upptökur á hótelinu. Fyrir í sumar hafa skemmt þar gestum jassistarnir Tómas R. Einarsson og Ómar Guðjónsson. Þá tróð rapparinn Emmsje Gauti upp á Hótel Flatey fyrir skömmu. Á næstunni spilar hljómsveitin Ske og í ágúst mánuði er von á Gunnari Þórðarsyni. Um verslunarmannahelgina mun hin ástæla söngkona, Sigríður Thorlacius, troða upp með hljómsveit sinni.

Bókunarsími á Hótel Flatey er 555 7788. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni hotelflatey.is.



SKYRGERÐIN HVERAGERÐI:

Kolagrillaður eðalmatur í sögulegu og hlýlegu umhverfi

Vorið 2017 opnaði Elfa Dögg Þórðardóttir Skyrgerðina í Hveragerði, en hún á einnig Frost og funa hótél og Veitingahúsið Varmá.

Skyrgerðin er að Breiðumörk 25 og var húsið reist sem þinghús héraðsins sem og skyrgerð og á sér langa og mikla sögu sem tengist bænum og bæjarbúum sterkum böndum.

„Tilefnið var að húsið var til sölu, en það er eitt af þremur fyrstu húsunum í Hveragerði og fyrsta verksmiðjuskyrgerðin á landinu, stofnuð árið 1930,“ segir Elfa aðspurð um upphaf Skyrgerðarinnar, „þá ákvað ég að kaupa og endurvekja gömlu skyrgerðina og vera með gamaldags skyr og endurvekja gamlar hefðir og matargerð.“

Aðalsmerkið kolagrillaðar kótilettur

Hjá Skyrgerðinni er allur maturinn kolagrillaður, en matseðillinn er fjölbreyttur og ættu allir að finna mat við sitt hæfi. Kolagrillaðar kótilettur eru aðalsmerkið, en einnig eru fiskur, vegansteik, kjöt, humar og hamborgarar í boði. „Kótilettur eru langskornar fyrir okkur og með þeim fylgir bökuð kartafla, hvítlauksmjör, bernaisessósa og

salat.

„Við einblínum á að hafa hagstætt verð og meirihluti viðskiptavina okkar eru Íslendingar, bæði heimamenn og fólk sem er á ferðinni,“ segir Elfa. Einnig er smurbrauð og kökur á matseðlinum, líkt og boðið var upp á í Eden áður fyrr.

Hrært gamaldags skyr vinsælt

„Skyrið er hægt að kaupa í smjörpappír eins og gert var í gamla daga,“ segir Elfa. „Við notum það einnig í sósur og skyrtertúr. Hrært gamaldags skyr er vinsælt, sérstaklega hjá útlendingunum og bláberjaskyrtertúr er vinsælust.“

Hjá Skyrgerðinni eru sæti fyrir 150 manns, 50 á veitingastaðnum sjálfum og veitingasalurinn tekur 110 manns í sæti. Salinn má leigja fyrir hópa, hvort sem er ferðamenn, starfsmannahópa, veislur eða ættarmót.

Skýrsýning einstaklega vinsæl

Vinsælt er hjá ferðamönnum að koma á skýrsýningu. „Við létum gera sjö mínútna kvikmynd þar sem farið er yfir sögu skyrgerðar á Íslandi og sögu hússins og hvernig það var byggt. Myndin er á íslensku og ensku og verið að texta hana á fleiri tungumálum vegna eftirspurnar.

Fólk fær að smakka gamaldags



skyr, hrært skyr og skyr mojito. Það fær að fara inn í skyrgerðina, sal sem hefur verið innréttaður eins og gamalt þorp, með gömlum skyrgerðartækjum frá Byggðasafni Árnesinga.“

Á efri hæð hússins er gisting í boði, en þar eru 12 herbergi.

Skyrgerðin er að Breiðumörk 25, Hveragerði, síminn er 481-1010, netfangið er skyrgerdin.is.

Heimasíða: skyrgerdin.is og Facebooksíða: skyrgerdin.

Opnunartími er frá klukkan kl. 11.30 – 22 sunnudaga til fimmtudaga og frá kl. 11.30 – 23 föstudaga og laugardaga.



SKÚLAGARÐUR:

Gisting og veitingar í nálægð við ægífagrar náttúruperlur



Gistihúsið Skúlagarður er staðsett í Kelduhverfi, við þjóðveginn, um 45 km frá Húsavík. Í næsta nágrenni eru nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, Dettifoss, Vatnajökulsþjóðgarður, Ásbyrgi og Hljóðaklettur – náttúruperlur sem eru þessu virði að verja góðum tíma í að upplifa og njóta. Vinsælar gönguleiðir á svæðinu geta tekið marga daga að fara þó að sumir kjósi styttri göngu.

„Það eru skipulagðar gönguferðir á vegum þjóðgarðsins en svo er líka hægt að notast við kort hér og ganga á eigin vegum,“ segir Helga Sturludóttir í Skúlagarði en hún nýtur þess að starfa í þessu ægífagra umhverfi og eiga samskipti við ferðamenn frá öllum heimshornum.

Skúlagarður er afar heppilegur gististaður fyrir þá sem vilja taka sér tíma til að njóta þeirrar stórkostlegu

og fjölskrúðugu náttúrufegurðar sem þetta svæði býður upp á. Gistihúsið er opið frá 1. maí til 31. október.

Sautján tveggja manna herbergi eru í gistihúsinu og tekur það því 34 gesti í einu. Einnig er hægt að bæta við aukarúmi fyrir börn í sumum herbergjunum.

„Við lokum yfir veturinn vegna þess að enn sem komið er kallar markaðurinn bara eftir þessum tíma. Við erum öll að bíða eftir nýja Dettifossveginum, þá verður þetta einn hringur þar sem hægt verður að keyra frá Mývatnssveit hingað niður í Kelduhverfi framhjá Dettifossi og í gegnum þjóðgarðinn og svo um Tjörnes til Húsavíkur,“ segir Helga.

Meirihluti gesta í Skúlagarði eru erlendir ferðamenn sem gjarnan bóka í hópum á bókunarsíðum á netinu. Skúlagarður er þó engu síður

heppilegur gistikostur fyrir Íslendinga sem vilja njóta þess besta sem íslensk náttúra býður upp á.

Skúlagarður býður einnig upp á góða fundaraðstöðu með skjávarpa sem margskonar hópar nýta sér. Ennfremur er góð veisluástaða á staðnum sem mörg fyrirtæki nýta sér fyrir starfsmannaskemmtanir, hvataferðir og árshátíðir.

Frábær matur úr héraði

Veitingastaðurinn í Skúlagarði er öllum opin og kjörið fyrir þá sem eiga leið um svæðið að stoppa þar í mat eða kaffi og eiga góða stund. Morgunverður fylgir gistingu og í hádegjunu eru það mest ferðahópar sem fylla matsalinn. Síðdegis er gott að stoppa í kaffibolla og vöflu eða kökusneið. Eldhúsið er síðan opið aftur kl. 18 og er opið til 21. Löggð er áhersla á ferskt hráefni úr



héraðinu, til dæmis lambakjöt, bleikju og grænmeti.


Hægt er að bóka á booking.com og gistihúsið Skúlagarður er einnig á síðunni HeyIceland.com og er með Facebook síðu undir nafninu Gistihúsið Skúlagarður. Einnig er hægt að bóka í gegnum netfangið

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



- 495UL Excellent - **3.580.000 kr.**
- 495UL Premium - **3.990.000 kr.**
- 540UL Excellent - **3.970.000 kr.**
- 540UFe Excellent - **3.990.000 kr.**
- 560UL PREMIUM - **4.380.000 kr.**
- 560LU Excellent - **3.890.000 kr.**
- 560Kmf DeLuxe Edition - **3.950.000 kr.**
- 650Kmf DeLuxe Edition - **4.300.000 kr.**

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.



Optima Premium T 65 FL
Verð 10.990.000 með vsk



Optima Premium T 70 F
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgardínur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

Karl Óttar Pétursson

söðlar um um næstu mánaðamót þegar hann yfirgefur krefjandi starf til margra ára sem forstöðumaður lögfræðideildar Arion banka og flytur þvert yfir landið og tekur við sem nýr bæjarstjóri Fjarðabyggðar. Í viðtali við blaðamann DV ræðir hann gamla og nýja starfið, gutlið sem varð að pönkhljómsveit, rokkhátíðina Eistnaflug, sem hann tók þátt í að skapa og bjarga frá gjaldþroti, og þunglyndið, sem hann glímdi við frá barnæsku en reyndist vera kvíði, kvíði sem fylgir honum alla tíð, en hamlar honum hvorki í leik né starfi.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Þetta var einhver skyndihugdetta," svarar Karl, aðspurður af hverju hann, fæddur og uppalinn Reykvíkingur, sótti um bæjarstjórastöðu í Fjarðabyggð. „Það var reyndar búið að nefna þetta við mig og ég var búinn að vera mikið fyrir austan að skipuleggja og bjarga Eistnaflugi, sem fór tæknilega séð á hausinn í fyrra. Ég var ekkert að hugsa um að skipta um starf, en ég ræddi þetta við konuna mína sem fannst þetta sniðug hugmynd, þannig að ég sótti um rétt áður en umsóknarfresturinn rann út.“

Umsókn Karls var sýndur



Bankalögfræðingurinn sem verður bæjarstjóri

„Þetta var einhver skyndihugdetta“

■ Karl Óttar Pétursson tekur við sem bæjarstjóri Fjarðabyggðar í ágúst
■ Hefur glímt við kvíða frá barnsaldri

mikill áhugi, ferlið gekk hratt fyrir sig og var honum boðin staðan. „Þetta er fyrsta bæjarstjórastaðan sem ég sæki um,“ segir hann og

hlær. „Þegar maður tekur svona ákvörðun, er maður þá ekki búinn að hugsa í undirmeðvitundinni að breyta til? Það er eitthvað sem

gerir það að verkum að maður stekkur til. Núna erum við konan bara að skoða fasteignir fyrir austan á netinu.“

Karl er búinn að vinna hjá Arion banka og forverum hans í 14 ár og alla tíð í erfiðustu málunum, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum og sem forstöðumaður lögfræðideildar frá árinu 2007. „Ég er búinn að vera stjórnandi mjög lengi,“ segir Karl og bætir við að meiri óvissa fylgi nýja starfinu en að vera í bankanum, enda ráðningartíminn sá sami og sveitarstjórnarinnar, fjögur ár. „En maður er orðinn það gamall að það er svona síðasti séns að breyta til.“

Stígur til hliðar sáttur við Eistnaflug

Sem nýráðinn bæjarstjóri Fjarðabyggðar stígur Karl til hliðar sem framkvæmdastjóri rokkhátíðarinnar Eistnaflugs sem haldin hefur verið í Neskaupstað í fimmtán ár, en hann hefur verið framkvæmdastjóri síðan árið 2014. „Þá tóku fyrri eigendur, Stefán Magnússon og Hrefna Húgósóttir, þá ákvörðun að það þyrfti að gera eitthvað meira. Hátíðin var þá búin að sprengja utan af sér, margir útlendingar farnir að mæta og hátíðin var flutt í íþróttahúsið. Síðan þá hefur útlendingum fækkað og standa kannski 100 manns eftir. Það er afar dýrt að vera á Íslandi og hátíðin er eins langt frá Reykjavík og hægt er, þetta kostar allt sitt, gisting sem er takmarkað

framboð af og svo framvegis. Það er hins vegar nóg af gistiþlássi í Fjarðabyggð, en við bjóðum ekki upp á akstur milli bæjarfélaga. Við tókum eftir að fólk í ár var ekki að gista mikið á tjaldsvæðinu.“

Það hefur verið minn draumur að selja ferðir í Fjarðabyggð með aðgangi að Eistnaflugi og annarri afþreyingu, til dæmis bátsferð frá Neskaupstað, það er alls konar afþreying í boði í Fjarðabyggð og fallegir staðir að njóta. Þetta var draumurinn þegar útlendingarnir voru margir, en við vorum bara of fá í allri skipulagningu, sem er öll unnin í sjálfböðavinnu.“

Magný Rós Sigurðardóttir tók við framkvæmdastjórastöðunni af Karli. „Ásamt henni er kominn hópur af konum og það verður gaman að sjá hvað þær gera úr þessari hátíð, sem stendur á ákveðnum tímamótum. Gamla liðið sem stofnaði hana er mikið til hætt að mæta, en andinn sem þau bjuggu til hefur lifað og það er kominn nýr hópur af fólki. Spurning hvort að ný stjórn bjóði upp á fjölbreyttari tónlist og afþreyingu, sem ég tel nauðsynlegt þegar fólk er að ferðast þessa vegalengd. Við höfum ekki staðið okkur vel í því hingað til, heldur bara skipulagt tónleikana, en allt starfið er sjálfböðavinna.“


Flestir stjórnenda og eigenda Eistnaflugs eru búsettir í og koma frá Reykjavík, en nýlega er komin tenging austur, en SÚN, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað er komið inn sem hagsmunaaðili. „Þannig að það



RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601



Kynntist ástinni í gegnum Eistnaflug

Karl flytur ekki einn austur, því kærastan, Helga Dóra Jóhannesdóttir, og dóttir hennar flytja með. Karl og Helga kynntust í gegnum Eistnaflug og byrjuðu saman árið 2016. „Ég fékk hana inn í Eistnaflug til að sjá skipulega um minjagripasölu bæði fyrir íslensku og erlendu böndin. Fljótlega eftir það vorum við byrjuð saman. Hún var þá byrjuð að selja fyrir hljómsveitir, en í dag sér hún um allar stærri sveitirnar. Hún bjó til „bisness“ úr þessu fyrir þær og heldur þeim við efnið. Hún situr einnig núna í framkvæmdastjórn Eistnaflugs.“

Hyggst læra nýja starfið fyrst

„Ég er náttúrliga ekki pólitíkus, ég er kominn til að framfylgja þeirri stefnu sem pólitíkin setur á hverjum tíma,“ segir Karlaðspurður hvaða áhrif hann vilji hafa sem bæjarstjóri. „Ég hef mikinn áhuga á að fá fleiri ferðamenn austur og á menningartengdri ferðaþjónustu og það er margt að gerast í þeim málum.“

Hann segir að í raun megi segja að Suðurlandið sé orðið uppselt, landið dýrt og ferðamannafjöldinn of mikill. Á Austurlandi sé fólk velkomið, það vanti bara að koma fólk þangað. Einhvern tíma hafi verið skoðað að bjóða upp á flug að utan beint á Egilsstaði, en það hafi ekki gengið upp af einhverjum ástæðum.

„Ég þarf að byrja á því að læra áður en ég fer að leggja eitthvað til, ætli maður geri ekki mikið til eins og manni er sagt fyrsta árið,“ segir Karl.

„Svona fyrsta hálfu árið og ert stilltur,“ stingur blaðamaður upp á og Karl hlær og samsinnir því.

Dr. Gunna að kenna að gutl varð að pönkhljómsveit

Áramótin 1990/1991 þegar Karl var á síðasta ári í Menntaskólanum á Laugarvatni voru hann og félagar hans mjög menningarlega sinnaðir, gáfu út tvö blöð og einhverjir voru að spila á hljóðfæri og halda tónleika. „Menn voru byrjaðir að glamra niðri í skólaflokkum, það voru hinir og þessir sem komu að hljómsveitinni Saktmóðigur og það voru haldnir einhverjir tónleikar undir þessu nafni. Síðan sótti einn okkar um í Músíktílaunum. Einn daginn heyrði ég fyrir tilviljun í síma hringja uppi á þriðju hæð í skólanum. Þetta var auðvitað löngu fyrir tíma farsíma og ég hljóp þarna upp þrjár hæðir til að svara í símann sem félaginn hafði gefið upp á umsókninni. Við vorum komnir inn í Músíktílaunir.“

„Já, ókei, við erum að fara að vera hljómsveit,“ sögðum við, en hún var aldrei meðvituð ákvörðun, við bara töldum í og spiluðum í skólanum. Þarna bjuggum við til fjögur lög sem var skilyrði til að taka þátt og bara mættum.“

Þannig að var þetta bara gutl þar til símtalið kom?

„Já, það kunni bara enginn neitt,“ segir Karl. „Strengjaleikararnir ákváðu að skipta um alla strengi áður en stigið var á svið og það var kona þarna frá Rás 2 sem ég man nú ekki nafnið á. Hún horfði á okkur og spurði svo: „Á ekki að tjúna?“

Ég hafði ekki hugmynd um hvað hún var að segja, hafði aldrei heyrt þetta orð áður. Þannig að við stígum bara á svið og framkvæmdum hávaða. Sem varð mjög vinsæll þarna á tímabili. Ég get ekki haldið takti, sko, er alveg falskur og heyrir varla. Þess vegna



get ég verið svona slæmur, af því ég heyri ekki hversu lélegur ég er. Hinir strákarnir kunnu ekkert á þessum tíma og gerðu bara eitthvað, þannig að þetta var eins og gjörningur á sviði í mörg ár. Síðan hafa nú strákarnir lært heilmikið eins og kannski sést á nýjustu plötunni okkar.“

En hvernig gekk í Músíktílaunum?

„Við fengum ekkert sæti og vorum væntanlega neðstir á kvöldinu, en fengum mikil skrif um okkur frá bæði Árna Matt og Dr. Gunna sem voru aðalskrifbentararnir á þessum

tíma og það er í raun og veru þeim að kenna að við urðum til. Það kom ekki annað til greina þegar við byrjuðum í háskólanum um haustið en að halda bara áfram í pönkinu.“

Sótti um á heimavist til að berjast gegn þunglyndinu

Strax sem barn var Karli farið að líða illa, hann fann fyrir þunglyndi og lokaði sig af. Ellefu ára gamall var hann farinn að lesa sér til um lífs- og heimspeki til að reyna að komast að af hverju honum leið alltaf svona illa. Þegar kom að því

Þess vegna get ég verið svona slæmur, af því að ég heyri ekki hversu lélegur ég er.

að velja menntaskóla tók hann meðvitaða ákvörðun um að sækja um á heimavist, í stað þess að fara í skóla í Reykjavík.

„Það var aðallega vegna þess að ég var svo þunglyndur, ég var búinn að einangra mig frá ▶

eru fleiri hagsmunir komnir inn og ég hef miklar væntingar til þess sem SÚN getur gert. Við erum að flytja inn aðila, eins og plötufyrirtæki og umboðsmenn sem bera orðspor okkar út. Það er mikilvægt við hátíðina að þarna kemst þungarokk og öðruvísi tónlist til útlanda. Hún er einnig stökkpallur fyrir minni íslenskar hljómsveitir, sem eru að gera góða hluti og það þykir mikil upplifun að spila á stóra sviðinu. Ég er til dæmis mikill aðdáandi Hemúlsins sem kom fram í ár, ég var glaður að sjá hann spila fyrir fjölda fólks og fólk að taka undir. Hemúllinn er pönk, það er öllum vel tekið þarna.“

Karl segir mikla breytingu hafa orðið á hátíðinni, í ár hafi verið mikil gleði og ró og allir mætt til að njóta tónlistar og samveru, áður hafi þetta snúið meira um drykkju. „Þetta snýst ekki um að drekka sig fullan og muna ekki rassgat, það er stór breyting. Við sem byrjuðum höfðum gaman af að detta illilega í það, við erum með þemalag og það er einkennandi fyrir gömlu tímuna að það kemur í lok lagsins að ef þú manst eftir Eistnaflugi þá hafir þú ekki verið þar. Það má segja að með Eistnaflugi í ár hafi þessu slagorði verið eytt.“

Það sem við eigum öll sameiginlegt er að þetta er menning sem við viljum viðhalda, menning sem við viljum tilheyra og við viljum hjálpa böndunum að verða stærri af því að þegar við vorum ung þá var það dauði að vera í þungarokkshljómsveit.“

Næsti kafli hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

GIMLI

FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is



öllum, ég var bara heima að lesa bækur. Með því að sækja um á heimavist gerði ég ráð fyrir að ég mundi neyðast til að tala við fólk og það mundi hjálpa mér í þessari vanlíðan.

Á þessum tíma þá áttaði ég mig ekki á að þetta var kvíði, ég fann bara þunglyndi þegar orkan var búin, þetta máttleysi og áhugaleysi. Það var meðvitund ákvörðun að einangra mig, þá

sparaði ég orkuna og gat verið hressari. Og ég var alls ekki að flækja líf mitt með því að eiga við konur.

Ég var fyrirmyndarnemandi, varaskólinn minn var MR og

ég komst þar inn, móðir mín var ofsalega glöð. Ég sótti hins vegar um í Menntaskólanum á Laugarvatni sem aðalskóla, en var mjög lengi að fá svar. Við vorum tveir félagarnir sem sóttum um þar og ég hefði aldrei farið ef hans hefði ekki notið við. Ég hefði ekki haft manndóm í það, þannig að ég á honum mikið að þakka. Við vorum saman á Laugarvatni í fjögur ár, sem var ómetanlegur tími. Ég kynntist fjölda fólks og við mynduðum þennan hóp sem Saktmóðigur er.

Ég var þolanlegur í íþróttum og oft verið að reyna að draga mig í þær en það olli mér miklum kvíða þannig að ég forðaðist að vera með. Ég stóð mig til dæmis vel í bridds, en Menntaskólinn á Laugarvatni var þekktur fyrir góða briddsspilara. Ég man við vorum einu sinni eftir fyrsta dag, ég hafði ekkert sofið í tvo daga fyrir mótið og ég svaf ekkert allt mótið.

Um fertugt fór ég að lesa mér til um kvíðaröskun og þá uppgötvaði ég að þessi vanlíðan, öri hjartsláttur og sviti, bara úti í miðri búð eða eitthvað, væri kvíði.

Aðspurður hvort segja megi að um frammistöðukvíða sé að ræða, kvíða yfir hvað gerist ef eitthvað klikkar, svarar Karl: „Ég er mikið fyrir það, ég reyni að sjá allar mögulegar aðstæður fyrir í lífi mínu. Ég hef ekki skilgreint kvíðann, heldur reyni frekar að beina ekki hugsunum mínum þangað. Þetta er samt eitthvað sem maður ræður ekki mikið við, heldur kemur bara allt í einu upp þessi tilfinning og þá er málið að ergja sig ekki mikið á því heldur takast á við eftirköstin. Ég fæ örugglega brjáláðan kvíða á eftir yfir að hafa mætt í þetta viðtal.“

Karl hefur náð góðum tókum á kvíðanum í dag, en þegar hann skrifaði BA-ritgerð sína í sagnfræði missti hann tökin. „Ég fór að kvíða fyrir hvað ég ætti að gera þegar ég væri útskrifaður. Ég skrifaði ritgerðina á engum tíma, týndi lokaeyntakinu þannig að ég skilaði kennaranum eintakinu sem ég hafði skilað honum nokkrum vikum áður og með sömu villum. Ég var orðinn of seinn og veit ekkert hvernig ég fór að því að týna lokaeyntakinu, en ég hef svo sem aldrei verið góður á tölvur. Kennarinn hefur líka orðið alveg brjáláður þegar hann fékk ritgerðina og hugsað að ég hafi ekki hlustað á orð af því sem hann sagði. Þarna stóð tæpt hjá mér og þá var ég drifinn út af félögum mínum og fjölskyldu að hitta fólk.“

Stundaði háskólanám í áratug og féll fyrir lögfræðinni

Karl er útskrifaður með BA í sagnfræði, stundaði síðan heimspekinám í tvö ár, áður en hann kynntist lögfræði og féll fyrir henni, en hann útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2002.

„Ég dúllaði mér í tíu ár í háskólanum. Ég varð fyrir vonbrigðum í heimspekinni, þetta var allt svo þeóískt. Þegar ég var í sagnfræði þá fór ég að velta fyrir mér hvar reynir á þessa lífsspeki og skoðanir manns. Þá fór ég að lesa réttarheimspeki og fannst hún alveg vera málið. Þú bara setur lög út af einhverri lífsspeki sem þú hefur. Þannig verða lögin til, það eru lífsgildi, siðabodskapur sem er undirliggjandi, sem heimspekin er alltaf að velta fyrir sér, en í lögfræðinni gerist hún. Ég féll fyrir lögfræðinni og hef rosalega

„Ég fæ örugglega brjáláðan kvíða á eftir yfir að hafa mætt í þetta viðtal.“

gaman af að grúska í henni.“

Eftir útskrift úr lögfræði steig Karl aftur út fyrir þægindarammann og réð sig sem aðstoðarmaður héraðsdómara í Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Þar starfaði hann í 20 mánuði.

„Ég ákvað að fara þangað af því að þar fengi ég að gera allt. Ég samdi dóma og úrskurði allt í nafni og undir handleiðslu dómstjórans, Erlings Sigtryggssonar, sem kenndi mér mikið. Nokkrir úrskurðir fóru fyrir Hæstarétt þar sem þeir voru staðfestir með vísan til forsenda í Hæstarétti, þá var ég ekkert smá glaður og ég sá þetta fyrir mér sem framtíðarstarf.“

Vegna ágreinings um greiðslur til dómstólsins var starf Karls hins vegar ítrekað lagt niður og hann rekinn og endurráðinn á víxl og lét kvíðinn þá kræla á sér aftur. „Ég var nýkominn til starfa, þá var staðan lögð niður, svo fékkst peningur og ég var ráðinn aftur, og síðan var staðan aftur lögð niður.“

Þetta olli mér rosalegum kvíða. Þingmaður Vestfjarða tók málið upp á Alþingi, benti á að það væri alltaf verið að leggja stöðuna niður, þrátt fyrir að álagið væri hvergi meira á löglærðan starfsmann en á Vestfjörðum, eins og staðan var á þeim tíma. Þá var hringt í mig og mér boðin vinna eftir að hafa verið sagt upp rétt fyrir júlí árið 2003. Og ég hugsaði að ég gæti þetta ekki lengur, þetta ástand var alveg að drepa mig og ég var bara ekki maður í það.“

Man varla eftir hruninu vegna vinnuálags

Karl réð sig því í aðra vinnu og hóf störf hjá Kaupþingi 1. mars 2004. „Það er einstaklega gott fólk sem vinnur í þessum banka og gríðarlega góður félagsskapur. Ég þarf að vera með góðu fólki það gerir líf mitt gott.“

Kom aldrei til greina að hætta í bankanum eftir hrunið?

„Ég man ekki vel eftir hruninu, maður bara vann 20 klukkustundir á sólarhring og það leið ekki mínúta þar sem ekki var verið að ónáða mann með eitthvað. Þá sjaldan sem ég settist við borðið mitt var komin löng röð af starfsfólki að leita ráða hjá mér. Mér bárust tilboð um að fara annað, en mér fannst ég bara ekki geta yfirgefið fólk mitt. Það hefur ekki verið mikil starfsmannavelta í þeim hópum sem ég hef stýrt, fólk hefur ekki mikið verið að fara frá mér. En því miður hef ég þurft að segja fólki upp þegar kröfur hafa verið gerðar um hagræðingu.“

Eina sem ég sé eftir í mínu lífi er að hafa ekki haldið dagbók á árunum 2008–2014, en líklega hefði ég hvorki haft tíma til þess eða nennt því.“

Karl tekur eins og áður segir við bæjarstjórástöðunni í ágúst næstkomandi, en fær hann að yfirgefa bankann með svona stuttum fyrirvara? „Við ræðum það á mánudag, þá koma yfirmennirnir úr fríi,“ segir hann hress í bragði, enda tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir í nýju starfi í menningarlífinu og sveitasælunni í Fjarðabyggð. ■

Er fyrirtækið þitt tilbúið fyrir nýju persónuverndarlögin?

Hafðu samband við okkur í gegnum DattacaLabs.com



DATTACA LABS
Þinn persónuverndarfulltrúi

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Ragga Eiríks skrifar um kynlíf: Eins „kink“ er annars hversdagsleiki

Jóhannes er pönkari. Hann býr í Álftamýrinni og gengur í leðurjakka, litar hárið á sér stundum bleikt og er með sjö göt í hægra eyranu. Þegar hann gengur í vinnuna í miðbænum á hverjum morgni hlustar hann á Einstürzende neubauten og hugsar um áttunda áratuginn. Hann er ekki lengur með hanakamb, en hefur greitt sér þannig fyrir tónleika. Jóhannes á kærustu og með henni tvö börn. Þau stunda kynlíf að meðaltali tvisvar í viku, yfirleitt nakin uppi í rúmi í trúboðastellingunni. Eitt kvöld í síðustu viku í sérstaklega lostafullu skapi byrjuðu þau að kela í sófanum yfir Good girls-seríunni á Netflix (eflaust hefur sögupersónan Rio kveikt í þeim með hálsflúrið og sínar lostafullu munnhreyfingar). Keleríð leiddi til samfara AFTAN FRÁ á sófanum og í hama-ganginum rassskellti Jóhannes kærustuna nokkrum sinnum með lófanum. Daginn eftir sendi hún honum sms: „Ég elska hvað við erum orðin kinky“.

Verðlaunaður með písknum Sigríður er bankakona. Hún býr í Garðabæ og klæðir sig fyrir vinnuna í dragtir sem hún á í nokkrum litum. Hún er með ljósar strípur í skollituðu hárinu og blæs það á hverjum morgni. Á leiðinni í vinnuna hlustar hún yfirleitt á Rás 2 og hugsar um Skuggabarbímabilið þegar allt var einfaldara. Sigríður er gift og á þrjú börn á unglingsaldri með manni sínum. Þau stunda kynlíf einu sinni eða tvisvar í mánuði en daglega fróar Sigríður sér inni á klósetti í vinnunni til að fá útrás fyrir kynferðislegu orkuna. Í kynlífinu með manninum er Sigríður drotnandi, hún setur á hann hundadól, skipar honum að skríða á svefnherbergisgólfinu og lætur hann kyssa og sleikja á henni tærnar. Þau eiga písk sem var keyptur í Ástund og Sigríður notar hann stundum til að verðlauna eiginmanninn fyrir góða frammistöðu í munngælum. Hann nýtur sársaukans og er þakklátur. Sigríður er orðin dálítið þreytt á þessari rútínu og hefur að undanföru velt fyrir sér hvort þau ættu ekki að prófa eitthvað nýtt og kinky.

Þess að hugsa sig um tvisvar. Í dag þætti henni kannski einum of að mæta í rauðum g-streng.

„Swingarar“ vilja helst hefandi kynlíf ... með áhorfendum

Þælingar mínar um kink kviknuðu fyrir nokkrum dögum þegar í ljós kom að góð vinkona mín sem stundar kinky kynlíf af miklum móð leit svo á að fólk sem stundar swing væri pottþétt líka kinky. Ég hélt nú ekki - enda er meirihluti þess hóps sem ég hef talað við mest gefinn fyrir ósköp venjulegt kynlíf ... bara með annað fólk viðstatt og/eða takandi þátt. Ég vildi því meina að swing væri alls ekki í sjálfu sér kinky athæfi, hins vegar væri það sem fellur undir BDSM mun líklegra til að vera það í hugum fólks. Eða hvað?

Ég hef vissulega skrifað og talað mikið um kink síðustu tvo áratuginna, en þó er skilgreining fyrirbærisins dálítið á reiki í huga mínum. Ég prófaði að gúgla og fékk helst þá niðurstöðu að notkun orðsins í kynferðislegu samhengi vísaði yfirleitt til óvenjulegra kynlífs-athafna, óra eða hugtaka. Í bók minni Kynlíf já takk, sem kom út hjá Forlaginu 2014, var einn kaflinn helgaður kinky kynlífi. Ég notaði þó annað hugtak, bæði vegna ástar minnar á móðurmálinu, en ekki síður vegna framandi hleðslu sem kink-hugtakið hefur í augum margra. Ég ákvað því að tala um SKAPANDI KYNLÍF, sem augljóslega hefur sínar takmarkanir líka þar sem færa má rök fyrir því að allt kynlíf geti gefið útrás fyrir sköpun vegna órjúfanlegra tengsla sköpunarkraftsins og kynorkunnar sem býr innra með hverju og einu okkar. ■

Einu sinni var sushi framandi matur

Eins „kink“ er nefnilega annars hversdagsleiki. Framangreind dæmi eru einungis til að vekja lesendur til umhugsunar um hvað er kinky þegar kemur að kynlífi. Grunur minn er sá að það sé afskaplega misjafnt fyrir hvern og einn, rétt eins og það var mjög óvenjulegt fyrir íslensku þjóðina að borða sushi árið 1978. Í dag er sushi hversdagslegur matur, og það getur líka átt við kink. Einu sinni vann ég með konu sem var hálf vakt í sjokki yfir því að hafa þurft að mæta til sjúkrahúsfarans síns í svörtum nærfötum - hún vildi ekki að hann héldi að hún væri einhver kink-gyðja. Það getur vel verið að sama kona gangi í dag í svörtum nærfötum og mæti þangað sem hún á að mæta fáklædd án

LOKUM 20. JÚLÍ VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8



Gylfaflöt 6 - 8

Fanntófell



Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeiriks.com
raggaeiriks@gmail.com

LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur




Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Helgarkrossgátan

				eftirlíking	árfaðir	strax	baunann	
		staða						
				rota				
		ísskápinn		2 eins				
		3 eins			2 eins	áverki		
		hrylli			3 eins	verkfæri		4
krossgátugerð: Bjarni sími 845 2510	↓	ættingjarnir	tyggja	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	lykkjan	álása		
óréttilega			1			eldstöð	rumpur	
rengja			veisla tré	engi jafnskjótt				
liffæri			6	grastopp brúnir	fugl			
brallið						málmi		
greinir		bandaríkjamann	lota	7	padda veik			
egg			önglar				elska	
ígerð				samtök keflar		áttund áttum		
8	5 eins	3	brall í bauk		suð			
gripdeild			íþr.félag	lesin	líkams-hlutinn			
↳			→				óvissu hreinan	
fjárhirðana		ríki	2 eins		afrek farvegur			
konungur			4 eins fjöllin			öðlast		
litaða					sund bág			
2	jökull	borg	9	hækkun fugl		rengt	nef	5
hrammur					spræk bergmála			
sáðlönd				lúku náð			svifryk	
	álpast				etja			
pirraða				bundnar				

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9		3
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

						3	5
		5			9	8	4
6		7					
	5		3	7		2	
	8		4			5	
	7	8	9	4	3	6	
				2			8
	1	4	5	6			

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð. Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurlaug Sigurðardóttir
Ásbraut 13
200 Kópavogi

Lausnarorðið var **GERSEMI**
Sigurlaug hlýtur að launum bókina Sjöunda barnið



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Það sem að baki býr

Það sem að baki býr

Stúlkan Marie elst upp á dönsku eygni Langeland á fjórða og fimmta áratugnum í barnmargri, fátækri fjölskyldu þar sem matur og hjartahlýja eru af skornum skammti. Og svo kemur stríðið og gerir illt enn verra.

Ljósið í myrkrinu er málverkíð á veggnum í hreysi fjölskyldunnar, sem alltaf þarf þó að færa út í fjós þegar amma kemur í heimsókn – og bláeygði rafvirkjaneminn Otto, sem heillast af Marie.

Saman sleppa þau úr klóm örbirgðarinnar og ofbeldisins og flytja til Kaupmannahafnar til að öðlast nýja og bjartari framtíð – en Langeland fylgir þeim alla leið.

Merete Pryds Helle byggir þessa gripandi og dramatísku ættarsögu á sinni eigin fjölskyldu, einkum þó móður sinni. Það sem að baki býr hefur hlotið afar góðar viðtökur og fékk bæði Gylltu Lárviðarlaufin og Bókmenntaverðlaun Politiken árið 2016, auk annarra viðurkenninga.

Höfundur: Merete Pryds Helle
 Magnea J. Matthíasdóttir þýddi.



et
EHF.


VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Tímarvélín



Ryksuga (Stövsuger),
naúðsynlegt áhald til að breiða með lögögn og gólfeypt, best
hegð fyrir samgjarn vörð hjá
Jónatan Þorsteinssyni.

Gamla
auglýsingin
10. maí 1913

15. júní 1996 - Dagurinn sem breytti Manchester að eilífu

■ Sprengingin heyrðist í 20 kílómetra fjarlægð ■ Óhugnanleg þögn fylgdi í kjölfarið

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



15. júní 1996 er dagur sem mun aldrei líða íbúum Manchester á Englandi úr minni og aldrei gleymast. Þennan dag sprengdi Írski lýðveldisherinn, IRA, stærstu sprengju sem hann hafði sprengt á meginlandi Bretlandseyja. Á þessum tíma var barátta IRA við bresk stjórnvöld í fullum gangi og sprengjutilræði hryðjuverkasamtakanna voru algeng, bæði á Norður-Írlandi og á meginlandi Bretlandseyja.

Sprengjan var gríðarlega öflug. Mörg hundruð manns særðust og allar byggingar í 800 metra radíus skemmdust eða eyðilögðust. Óhætt er að segja að sprengjan hafi hitt Manchester í hjarta- stað og breytt sögu borgarinnar að eilífu. Þennan dag voru sérsveitir lögreglunnar í Lundúnum í viðbragðsstöðu því óttast var að IRA myndi ráðast á skrudgöngu sem Elísabet II drottning ætlaði að vera viðstödd. Nokkrum mánuðum áður hafði IRA sprengt flutningabíl í Canary Wharf og þar með bundið endi á 17 mánaða vopnahlé. Tveir létust í þeirri sprengingu.

Lögreglan í Manchester var rólegri en starfsbræðurnir í Lund-

únum þennan dag en helstu áhyggjurnar sneru að vandræðum með fótboltabullur þar sem von var á mörg þúsund knattspyrnu-áhugamönnum í miðborgina síðdegis, en England og Skotland áttu að mætast á EM þetta kvöld og EM fór einmitt fram í Englandi þetta árið. Fjöldi sjónvarpsmanna var í borginni vegna leiks Rússlands og Þýskalands á Old Trafford en hann átti að fara fram næsta dag. Þá voru margir í miðbænum í verslunarhugleiðingum.

Hvíti bíllinn sem enginn tók eftir

Um klukkan 9.20 var fólk þegar tekið að streyma út á götur miðborgarinnar. Enginn veitti tveimur mönnum, í anorökkum og með hettur og sólgleraugu neina sérstaka athygli. Þeir höfðu komið akandi í þunghlöðnum Ford Cargo-sendibíl og lagt honum fyrir utan verslun Marks og Spencer á horni Cannon Street og Corporation Street. Bílnum var lagt á tvöfaldri gulri línu og neyðarljós hans blikkuðu.

Í honum voru 1,5 tonn af heimagerðu sprengiefni. Þrisvar sinnum meira en var notað á Canary Wharf nokkrum mánuðum áður. Mennirnir gengu á brott, hringdu í leiðtoga IRA á Írlandi til



Miðborg Manchester var að mestu leyti mannlus þegar sprengjan sprakk.

að segja þeim að verkinu væri lokið. Þeir óku síðan á brott í Ford Granada-fólksbíl sem fannst síðar í Preston. Þremur mínútum eftir að mennirnir yfirgáfu bíllinn setti stöðumælavörður sekt á hann.

Um klukkan 9.38 hringdi maður, sem talaði með írskum hreim, í Granada sjónvarpsstöðina, Sky

News, Salford-háskóla, North Manchester General-sjúkrahúsið og Garda-lögregluna á Írlandi og sagði að sprengja myndi springa eftir klukkustund. Hann gaf upp staðsetningu og lykilorð sem sérveit lögreglunnar þekkti til.

Lögreglumenn á lögreglustöðinni við Bootle Street sáu sér til hryllings í eftirlitsmyndavélum að fjöldi fólks var nærri hvíta sendibílnum. Nú hófst ein ótrúlegasta rýmingaraðgerð enskrar sögu. Það þurfti að koma 80.000 manns á brott úr miðborginni á örskömmum tíma. Fólk tók aðgerðum lögreglunnar illa, var orðið vant sprengjuhótunum og taldi sig hafa ýmsu öðru að sinna en svona vitleysu. Verkefnið var risastórt og nær óyfirstíganlegt en það var lán í óláni að fjöldi lögreglumanna var á aukavakt vegna EM. Á endanum fór fólk að taka við sér og mjaka sér úr miðborginni enda breiddist orðrómur hratt út um að nú væri alvara á ferðum. Rýmingarsvæðið stækkaði sífellt og náði á endanum um 400 metra frá bílnum en þá voru ekki nægilega margir lögreglumenn tiltækir til að stækka rýmingarsvæðið.

Klukkan 11.10 var miðborgin mannlus að mestu. Einn eða tveir voru innan rýmingarsvæðisins, fólk sem hafði af einhverjum orsökum ekki fengið að vita að rýma þyrfti svæðið. Tvær konur sem unnu í Arndale björguðust á ótrúlegan hátt. Þær ætluðu í göngutúr en þurftu að snúa við þegar þær voru komnar út því þær höfðu gleymt töskunum sínum. Tveimur mínútum áður en sprengjan sprakk stóðu þær á brú beint fyrir ofan sprengjuna, það hefði ekki þurft að spyrja að leikslökum ef þær hefðu ekki snúið við.

Um klukkan 11 voru sprengju-

sérfræðingar hersins, sem höfðu komið í hendingskasti frá Liverpool, að búa sig undir að sprengja sprengjunar úr um 200 metra fjarlægð. Fyrst átti að vélmenni að sprengja gat á sendibíllinn og síðan átti að sprengja aftur og gera sprengjuna óvirka.

Klukkan 11.16 sprengdi vélmennið gat á bíllinn. Klukkan 11.17 var tíminn á þrotum og sprengjan sprakk eins og IRA hafði ætlað. Hvellurinn heyrðist í 20 kílómetra fjarlægð. Aflið var svo mikið að þrýstingurinn beygði einnig við 90 gráðu horn og kastaði fólk til jarðar. Næstum allar rúður í 800 metra fjarlægð brotnuðu og 15 metra gígur myndaðist þar sem bíllinn hafði staðið. Glerbrotum rigndi niður, fingert ryk lagðist yfir allt og brakið var ólýsanlegt. Óhugnanleg þögn fylgdi í kjölfarið, síðan byrjaði hvert einasta þjófavarnar- og viðvörunarkerfi í borginni að hringja.

Símalínur lögreglu og slökkviliðs voru rauðglóandi. Innan nokkurra mínútna var búið að taka við 70 slösuðum á Manchester Royal Infirmary. Næstu klukkustundir staulaðist ringlað fólk frá miðborginni til að reyna að finna far heim. Rúmlega 200 manns slösuðust í sprengingunni en hversu ótrúlegt sem það kann að virðast og er ævarandi vitnisburður um frábæra lögreglu- aðgerð er að enginn lét lífið í þessari gríðarlegu sprengingu sem jafnaði miðborgina við jörðu. Þriðjungur verslunnarrýmis í miðborginni eyðilagðist og nú hófust aðgerðir yfirvalda við að koma hlutunum í lag á nýjan leik og tryggja lífsviðurværi þeirra sem höfðu átt og starfað í verslunum í miðborginni. Fram undan var mikið uppbyggingarstarf. ■

Ný og enn betri vefverslun



gaeludyr.is

www.gaeludyr.is

tl.is

VANTAR ÞIG SKÓLATÖLVU?

acer

INTEL i3 OG 256GB SSD

6GB VINNSLUMINNI

ACE-NXGNPED036
15,6" FULL HD FARTÖLVA MEÐ
INTEL i3 OG HRAÐVIRKUM
256GB SSD DISKI Á AÐEINS 79.995

15,6" FULL HD

INTEL i3
INTEL HD 620
6GB MINNI
256GB SSD



79.995

acer

AMD RYZEN 3

AMD RADEON VEGA 3

ACE-NXGYPED010
15,6" ASPIRE 3 MEÐ RYZEN 3
ÖRGJÖRVA OG BLUELIGHTSHIELD
TÆKNI TIL AÐ MINNKA SKJÁPÞREYTU

15,6" FULL HD

AMD RYZEN 3
AMD RADEON VEGA 3
6GB MINNI
256GB SSD



89.995



119.995

ASUS

GLÆSILEG VIVBOOK MEÐ A9

512GB SSD

ASU-X505BAEJ121T
LÉTT OG NETT MEÐ A9 ÖRGJÖRVA,
8GB MINNI, RADEON R5 SKJÁKORTI
OG STÓRUM 512GB SSD DISKI

15,6" MATTUR FULL HD

AMD A9
AMD RADEON R5
8GB MINNI
512GB SSD



99.995

ASUS

14" ÖRÞUNN OG LÉTT ZENBOOK

AÐEINS 1,25 KG.

ASU-UX430UAPURE1X
SÉRSTAKLEGA GLÆSILEGA HÖNNUÐ OG
LÉTT Í SKÓLANN. INTEL i3 ÖRGJÖRVI
OG SSD DISKUR

14" FULL HD

INTEL i3
INTEL HD 620
4GB MINNI
128GB SSD



ASUS

8. KYNSLÓÐ INTEL i5

HÖNNUN OG HRAÐI

ASU-S510UAB0423T
VIVBOOK S15 ER BÆÐI ÖFLUG OG MEÐFÆRILEG.
FJÖGURRA KJARNA INTEL i5, 8GB MINNI OG 256GB SSD

15,6" FULL HD

INTEL i5
INTEL UHD 620
8GB MINNI
256GB SSD



139.995

TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK
SUDURLANDSBRÁUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARDARSBRÁUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFNARGÖTU 90

SELFOSS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

SAKAMÁL



19. september, árið 2010, greip þýsk kona, Sabine Radmacher, til örþrifa-ráða í kjölfar forræðisdeilu um fimm ára son hennar og eiginmanns hennar. Sabine kæfði son sinn og skaut síðan og stakk föðurinn. Að því loknu bar hún eld að íbúðinni, gekk yfir götuna að St. Elisabethen-spítalanum og banaði þar hjúkrunarfræðingi. Auk þessa særði hún tvo vegfarendur og lögregluþjón. Sabine var skotin til bana af sérsveitarmönnum lögreglunnar síðar sama dag.

„ÉG MUN STÖKVA ÚT UM GLUGGANN OG TAKA ÞESSA STÚLKU MEÐ MÉR.“

■ Deila Dimitris og Stephanie hafði hörmulegar afleiðingar ■ Fimm hæða fall hafði

Ekki var það sældarlíf sem beið frönsku konunnar Stephanie Rimetz þegar hún flutti inn í íbúð í úthverfi Parísar með nýbökudum eiginmanni sínum Dimitri Tellier. Dimitri, sem var vafasamur pappír og ruddi, og Stephanie eignuðust barn áður en langt um leið. Nítján ára systir Stephanie, Aurelie, leigði herbergi af hjónunum og hún varð vitni að því þegar heimilislíf systur sinnar breyttist í martröð.

Önyttjungur og eiturlyfjakill

Aðeins 22 ára að aldri hafði Dimitri ákveðið hvernig lífsstíl hann hugðist tileinka sér. Hann neytti áfengis og eiturlyfja og breiddi úr sér á sófanum og horfði á sjónvarpið en Stephanie fór daglega til vinnu; einhver þurfti að sjá fjölskyldunni farborða með einum hætti eða öðrum.

Þegar Stephanie kom heim hirti Dimitri laun hennar og bauð henni kókaín í staðinn. Þegar allt fé var uppið notaði Dimitri kreditkort eiginkonunnar þar til því var endanlega lokað af bankanum.

„Eg mundi aldrei gera neitt þessu líkt. Ég er gæðadrengur.“

Brýtur allt og bramlar

Dimitri Tellier var ekki sáttur. Hann braut allt og bramlaði á heimili þeirra. Hann greip til haglabyssu sem hann átti og notaði hárkollur Stephanie sem skotmörk. Íbúðin varð á endanum á kafi í fatahenglum, hártjásnum og fjöðrum. Þegar Stephanie reyndi að róa mann sinn fleygði hann sjónvarpsfjarstýringunni í hana með þeim afleiðingum að hún fékk skurð í andlitid.

Stephanie flýr til fjölskyldunnar

Í eitt og hálf ár hafði Stephanie reynt að fá Dimitri til að láta af

neyslu áfengis og eiturlyfja, en án árangurs. Þegar þarna var komið sögu fannst henni nóg komið og tók barn þeirra hjóna og flúði heim til foreldra sinna.

Dimitri hóf leit að Stephanie og rakst þá á föður hennar, Serge. Upphófst mikið rifrildi sem endaði með handalögmálum. Dimitri hafði betur og sló og sparkaði í Serge þar sem hann lá á jörðinni og braut meðal annars á honum annan kjálkann.

Serge tilkynnti lögreglu um átökin en þá var Dimitri floginn út í veður og vind, norður í land þar sem hann átti rætur. Serge ákvað



Aurelie Ekki hafði kastast í kekki með henni og Dimitri, eiginmanni Stephanie.



Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeyrsluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

GRUNDFOS

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

engu að síður að skipta um lása á íbúð dóttur sinnar.

Meinlaus smáskilaboð

Nú ríkti friður um nokkurt skeið og næst þegar heyrðist frá Dimitri var um að ræða kurteisleg smáskilaboð þar sem hann baðst leyfis til að kíkja í íbúðina til að sækja eitthvað af eignum sínum.

Stephanie var því ekki mótfallin en hugnaðist þó ekki að hitta Dimitri. Systir hennar sagðist myndu sjá um það enda hafði aldrei kastast í kekki með henni og Dimitri. Serge vildi aftur á móti hafa allan varann á og ákvað að láta lögreglu vita að von væri á tengdasynti sínum.

Þann 16. október, 2006, lagði Dimitri af stað við þriðja mann og með ótæpilegt magn áfengis í farteskinu.

Mislukkuð fyrirsát

Það voru mökkölvaðir þremmenn-

ingur sem Aurelie tók á móti og ekki bætti úr skák að þeir voru vart komnir inn í stigaganginn þegar fjöldi lögreglumanna nánast fyllti anddyrið.

Dimitri gerði sér grein fyrir því að honum hafði verið gerð fyrir-sát og reif í Aurelie og dró hana upp stigana. Félagar hans fylgdu á hæla þeim og tókst öllum að komast inn í íbúð Stephanie, á fimmtu hæð, og skella í lás.

Lögreglan sá ekki fram á að geta brotið sér leið inn í íbúðina og hélt því að sér höndum.

Vígrefur og vopnaður

Slíkt hið sama var ekki hægt að segja um Dimitri. Hann opnaði glugga og lét fúkyrdunum rigna yfir lögregluna sem beið á jörðu niðri. Annar fótleggur hans dinglaði út um gluggann og vígrefur veifaði hann haglabyssu sinni með annarri hönd, með hinni hélt hann traustataki í hár Aurelie.



625 ára dóm fékk Suður-Afríkumaðurinn Bulelani Mabhayi, einnig þekktur sem Skrímslið frá Tholeni, fyrir ódæði sín sem hann framdi á árunum 2007 til 2012. Fórnlömb Bulelanis voru að minnsta kosti 20 talsins, berskjaldaðar konur og börn sem hann nauðgaði og banaði síðan með hryllilegum hætti. Árið 2013 var hann sakfelldur fyrir 25 glæpi og fékk 25 ára dóm fyrir hvern þeirra. Lögreglunnar síðar sama dag.

“KVA”

Þú þú banvænar afleiðingar



Dimitri Tellier Sagðist síðar ekki muna eftir neinu, hann væri gæðadrengrur og að um slys hlýti að vera að ræða.



Af vettvangi Lögregluáðgerðir voru að mati flestra klúður frá upphafi til enda.

Við tók einhvers konar umsát og Dimitri öskraði út um gluggann: „Ef þið reynið að komast inn í íbúðina mun ég skjóta einhverja af ykkur. Ég mun stökkva út um gluggann og taka þessa stúlku með mér.“ Hann bætti við að það kæmi ekki til greina að hann færi aftur í fangelsi.

Ráðist inn í íbúðina

Múg og margmenni dreif að og beindust augu allra að Dimitri og Aurelie. Dimitri gaf Aurelie leyfi til að hringja eitt símtal og hún hringdi í föður sinn. „Hann hótar að henda mér út um gluggann ef lögreglan ræðst til atlögu,“ sagði Aurelie við föður sinn og greinilegt að hún reyndi að halda skelfingunni í skefjum.

Sérsvait lögreglunnar var kölluð til og hópuðust liðsmenn hennar saman í stigaganginum. Þeir fengu skömmu síðar höfuðlykil í hendur og réðust inn í íbúðina án

málalenginga.

Fimm hæða fall

Úti fyrir horfði fólk á í hryllingi þegar Dimitri fleygði sér út um gluggann og tók Aurelie með sér í fallinu. Þau skulu bæði á gangstéttina og öllum til mikillar furðu lifði Dimitri fimm hæða fallið af, beinbrotinn og illa haldinn. Aurelie átti ekki viðlíka láni að fagna því höfuð hennar skall á umferðarpolla úr stáli og hún lést samstundis.

Síðar við réttarhöldin yfir Dimitri veltu menn fyrir sér spurningunni um hvort um hefði verið að ræða slys eða morð, jafnvel hvort um hefði verið að ræða misheppnaða sjálfsmorðtilraun af hálfu Dimitris.

Ber við minnisleysi

Sjálfur sagði Dimitri að hann myndi ekkert en þetta hlýti að hafa verið óhapp „... því ég mundi

aldrei gera neitt þessu líkt. Ég er gæðadrengrur.“

Þessum „gæðadrengrur“ var þá bent á að hann hefði á bakinu 17 dóna fyrir rán, ofbeldisglæpi og fleira.

Hvað sem því leið virtust allir á einu máli um að lögreglan hefði klúðrað málum, áðgerðin hefði verið vanhugsuð frá upphafi til enda. Vegfarandi einn sem hafði náð upptöku af öllu saman fékk ekki að halda upptökunni; lögregla lagði hald á hana.

Málalok

Á meðan gæðablóðið Dimitri var í varðhaldi sendi hann Stephanie bréf og fór um hana ófögurum orðum, hann hafði frétt að hún hefði tekið saman við annan karlmann. Kallaði hann Stephanie hóru og hótaði henni sömu örlögum og systir hennar hlaut.

Dimitri Tellier fékk þegar upp var staðið 20 ára fangelsisdóm. ■

STAFRÆN PRENTUN Á AUGABRAGÐI

- ▶ NAFNSPJÖLD
- ▶ BRÉFSEFNI
- ▶ UMSLÖG
- ▶ BÆKLINGAR
- ▶ PLAKÖT
- ▶ TÆKIFÆRISKORT
- ▶ MATSEÐLAR
- ▶ O.FL O.FL.

PAPPÍR

S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfiörður

Ólafur Símon smíðar örsmáar figúrur sem hafa vakið heimsathygli

„Konan segir að ég sé eins og górilla að gera skurðaðgerð á mýfluggu“

Hann er vígalegur útlits, **Ólafur Símon Ólafsson**, sannkallaður víkingur, sem hefur að aðalstarfi að elda mat fyrir gesti Sigló Hótel og Hannes Boy á Siglufirði. Í frítímanum situr hann í kjallaranum á heimili sínu og smíðar örsmáar figúrur, sem vakið hafa heimsathygli og af og til semur hann ljóð. Það má því með sanni segja að Óli Símon sé skapandi frá morgni til kvölds.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



málað. Hann lærði myndmennt og sótti kvöldskóla hjá Örlygi Kristfinnssyni. Síðan flutti hann til Reykjavíkur og lærði heilbrigðis-, iðnaðar- og vélaverkfræði sem hann lauk þó ekki. „Ég ætla ekki að klára af því ég nenni ekki að sitja á skrifstofu og reikna

út föll, þótt ég eigi auðvelt með það. Ég þrífst ekki nema vera að gera eitthvað í höndunum.“

Það var fréttamiðillinn Tröllli.is á Siglufirði sem vakti fyrst

athygli á þessu grúski Ólafs í kjallaranum. En hvað er það sem Óli Símon er að grúska í kjallaranum? Jú, þar smíðar hann fingerðar figúrur, oftast frá grunni, módel sem aðdáendur Nexus-búðarinnar og Warhammer ættu að kannast vel við. „Þetta er herkenskuspil sem heitir Warhammer 40.000 og á einmitt að gerast árið 40.000,“ segir Óli Símon. Heilmikil fræði eru á bak við spilið eins og oft vill verða, figúrur, bækur, heimasíða svo fátt sé nefnt.

Figúrnar eru stríðsmenn, sem kallast Orkar. „Þeir eru brútal gaurar sem smíða alls kyns tæki og tól úr engu, peningarnir þeirra eru tennur andstæðinganna, „súper grotesk“ víkingar, eini tilgangur þeirra er stríð, þeir bara verða að berjast, og sá sem er búinn að slást mest, hann er stærstur og sterkastur og ræður. Þannig er þeirra samfélag.“

Óli Símon býr langflest módelin til sjálfur, oft með því að nota ýmsa hluti úr hinum og þessum ósamsettu módelum, sem hann breytir og bætir á ýmsa vegu, og sumt smíðar hann allveg frá grunni. Það tekur hann 40–100 klukkustundir að smíða hvert módel. Nýlega keypti hann Volkswagen-dótabíl á Aliexpress og setti á hann byssur og alls kyns hernað-

ardót til að hann félli inn í Warhammer-samfélagið, en þar gilda strangar reglur um hvað má og hvað ekki varðandi magn og gerð vopna og búnaðar. Málningarvinnan er líka stór og mikilvægur þáttur og sem dæmi málar hann hlutina með penslum sem sumir ná ekki nema einum tíunda úr millimetra í breidd. Óli Símon notar líka leir, gítarstrengi, þykkann pappír og allt mögulegt í módelin.

Í versluninni Nexus í Nóa-túni má sjá módel Óla Símonar, en verslunin er styrktaraðili hans. „Við Gísli og Júlí, eigendur Nexus, erum góðir vinir. Ég eldaði matinn í öllum stórafmælum Gísla, brúðkaupi

Júlía, mála svo módel ▶



TUDOR

ALLAR GERÐIR
RAFGEYMA



Mikið úrval -
Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is



Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**




Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!



fyrir þá og jú, flísalagði þaðherbergið í Nexus og líka heima hjá þeim. Eitthvað verður maður að gera við tímann," segir Óli Símon og hlær. Þegar blaðamaður

andvarpar yfir vinnugleði Óla Símonar og spyr hvort hann búi yfir fleiri tímum í sólarhringnum en aðrir, svarar hann kankvís: „Ofvirkir sofa lítið.“

Það var kona Óla Símonar, Guðrún Helga Kjartansdóttir, sem hvatti hann til að gera Instagram-síðu, „og segja já við svona umfjöllun ef til þess

kæmi," segir hann. „Ég vildi bara hafa þetta allt út af fyrir mig, en er ánægður með það núna að ég hlustaði á hana, sem ég geri nú alltaf og hún á mig. Við erum alveg jin og jang.“

Á Instagramsíðunni er Óli Símon þegar kominn með 5.600 fylgjendur sem telst nokkuð gott, miðað við hve viðfangsefnið er sérhæft. Warhammer Official Instagram síðan er til samanburðar með 52 þúsund fylgjendur. Einnig var nýlega umfjöllun um Óla Símon hjá Warhammer Official, sem kallast „Hobbyist Focus," sem gæti útlagst sem Fókus á áhugamanninn og þykir mikil viðurkenning að fá slíka umfjöllun.

Þau hjónin fluttu á Siglufjörð til að prófa, keyptu hús, sem þau gjörsamlega endurgerðu að sögn Óla Símonar og eru bara í skjýunum. „Það er svo rólegt og gott á Sigló að maður hefur mikinn tíma

fyrir sjálfan sig sem færi í ys og þys í borginni, ég bjó þar í 16 ár. Ég endaði sem kokkur á Sigló eins og pabbi sálugi, hver hefði trúað því fyrir 25 árum!

Þú verður að skella þér á Siglufjörð, helst um hávetur, yndislegt í hríðarbyl og líka í kyrrðinni á fallettri vetrarnótt," segir Óli Símon við blaðamann DV. Greinilega góður tími á fallettum stað til að dunda sér við einstakt handverk.

Yrkir ljóð byggð á eigin reynslu

Óli Símon yrkir einnig ljóð, sem spottin eru af reynslu hans og segist hann stundum yrkja til að losa um innri spennu. „Ég er frummaður með stórt hjarta," segir Óli Símon. Frumflutti hann nokkur ljóð laugardaginn 21. júlí síðastliðinn í Ljóðasetri Íslands á Siglufirði.

*á myrkum vetri mara liggur
mennina hún brýtur
sært og opið sjálfíð liggur
stoltið góða þrýtur*

*gef mér styrk í gegnum daginn
get ei sjálfur barist
vil ei vera vondur gæjinn
vonin hefur farist*

*biðla ég til bestu vina
berjið ei á mér
bakvið þykka brynju lina
bið ég eftir þér*

*í veikum mætti vil ég rísa
verja tilvist þína
viltu grýttan veginn lýsa
vernda sálu mína*

Facebooksíða Óla Símons. ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálftandandi greiðslulausnir og handfrjálssir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar
helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060





*Sjáðu úrvalið
á goddi.is*

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550


Fregnir af fræga fólkinu



Hrönn Bjarnadóttir, sölumaður á fasteignasölu Mikluborg, snappari og einn eigenda Fagurkerar.is gengur að eiga unnusta sinn, Sæþór Fannberg, 25. ágúst næstkomandi. Vinkonur hennar komu henni á óvart nýlega og gáfu henni ógleymanlegan gæsunardag þar sem Hrönn klæddist meðal annars þessum fina einhyrningsbúningi. Fylgjast má með brúðkaupsundirbúningnum á Snapchat: [hronnbjarna](#).



Birgir Steinn Stefánsson gefur í dag út Glorious, sem er þriðja lagið af væntanlegri EP-plötu. Birgir semur lagið ásamt Andra Þóri Jónssyni, sem er hans hægri hönd í einu og öllu. Að sögn Birgis er lagið um klassískt umfjöllunarfni, ástina og lífið. Platan kemur út síðar á árinu. Birgir kemur fram á Þjóðhátíð á laugardagskvöldinu þar sem þeir félagar hefja brekkusönginn og einnig koma þeir fram á Iceland Airwaves í nóvember næstkomandi.



Svavar Öm Svavarsson, hárgreiðslu- og fjölmiðlamaður, auglýsir allsérstakt sófaborð til sölu á Facebook. Borðið er fallegt, í mjög sérkennilegum stíl og ber vitni um góðan og skemmtilegan stíl Svavars. Samkvæmt auglýsingu er borðið falt fyrir 80 þúsund krónur.



Söngparið **Snorri Snorrason** og **Heiða Ólafs** er nýlega trúlofað. Þau hafa verið saman í nokkur ár og eiga saman einn son. Nýlega sendu þau frá sér fallega ábreiðu af lagi John Denver, Annie's Song, við íslenskan texta eftir Kristín Kristinsdóttur heitinn (Lilli popp). „Ástin er okkur hugleikin þessa dagana,“ segir hið nýtrúlofaða par.

prima




Gefur þetta **EXTRA**

Frábært á kjötið, í sósuna og ídýfuna

Hjólakappinn **Þorvaldur Danielsson** er nýlega skráður í sambandi með **Jóhönnu Sigurðardóttur**.

Þorvaldur hefur vakið mikla athygli fyrir ötult starf í félaginu Hjólakraftur, samtökum fyrir börn og unglinga sem hafa háð baráttu við lífsstílssjúkdóma. Jóhanna deilir hjólaáhuganum með Valda og því ætti parið að fara létt með að hjóla í gegnum lífið saman.



ÚTSALA

Allt að

afsláttur

Fatnaður **20 til 70%** afsl.

Svefnpokar **20 %** afsl.

Göngu-og götuskór **20 til 60%** afsl.

Bakpokar **20 til 50%** afsl.

Tjöld **20 til 50%** afsl.

Bergans merino ull **50%** afsl.

Pottasett og eldunar

búnaður **20 til 65%**

og margt fleira...



HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 12 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Egyptskur hælisleitandi handtekinn með hníf

Taldi sig eiga inni laun hjá Já iðnaðarmönnum

Sérsvait lögreglunnar handtók einstakling sem var vopnaður hnífi í húsnæði við Þverholt 18 á dögunum. Samkvæmt heimildum DV var um að ræða egyptskan hælisleitanda sem taldi sig hafa verið svikinn um laun af vinnuveitanda sínum, Já iðnaðarmönnum. Hann freistaði þess að fá launin greidd á skrifstofu fyrirtækisins en þegar það gekk ekki eftir þá dró hann vopnið á loft og hugðist

leita hefnda. Atvikið var tilkynnt til lögreglu sem fór þegar á vettvang ásamt sérsvaitinni og færði manninn í járn. Málið telst upplýst og má vænta þess að maðurinn verði ákærður fyrir brot sitt.

Í lok síðasta árs fjallaði DV um kennitöluflakk Já iðnaðarmanna í grein sem bar yfirskriftina „Sviðin jörð Jóhanns í Já iðnaðarmönnum“. Nokkrum dögum fyrr hafði fyrirtækið verið úrskurðað gjaldþrota og námu kröfur um 126

milljónum króna en ekkert fékkst upp í þær. Eigandi Já iðnaðarmanna, Jóhann Ingólfsson, stofnaði þegar nýtt félag með annarri kennitölu og hélt rekstri verktafyrirtækisins áfram eins og ekkert hefði í skorist. Sátu margir eftir með sárt ennið eftir viðskipti sín við Jóhann og sagði einn viðmælandi DV að hann hefði aldrei kynnst öðrum eins siðblindingja og Jóhanni.

Afbrotaverill Jóhanns er skuggalegur. Hann var fyrst dæmdur fyrir þjófnað árið 1975 og hefur hlotið á þriðja tug dóma fyrir margs konar



Jóhann Ingólfsson

brot, meðal annars nauðgun og fíkniefnainnflutning. Undanfarnin ár hefur hann rekið hið umdeilda verktafyrirtæki Já iðnaðarmenn. Sumarið 2017 tók Jóhann

á leigu áður nefnt húsnæði í Þverholti undir starfsemi sína. Auk þess að vera þar með skrifstofu aðstöðu hafa erlendir starfsmenn fyrirtækisins verið hýstir þar.



Lítt þekkt ættartengsl:

Knattspyrnu-bræðurnir og hreystimennið

Markvörðurinn Jökull Andrésson skrifaði undir atvinnumannssamning við enska liðið Reading í vikunni. Jökull fagnar

17 ára afmæli sínu í lok mánaðarins og er talinn vera mikið efni. Hjá liði Reading hittir Jökull fyrir



eldri bróður sinn, Axel Óskar Andrésson, sem er tvítugur varnarmaður. Eins og frægt er hóf Gylfi Þór Sigurðsson atvinnumannsferil sinn hjá Reading og því feta Andrésynir troðna slóð þar ytra.

Faðir bræðranna gat sér einnig gott orð í íþróttum og gerir enn. Það er kraftajötuninn Andrés Guðmundsson. Andrés og eiginkona hans, Lára B. Helgadóttir, komu á laggirnir í íþróttakeppni undir heitinu Skólahreysti árið 2005 og óhætt er að fullyrða að vinsældir verkfnisins hafi verið ótrúlegar.

Var þetta pýramíðasvindl?

Loki

Sjá nánar á byko.is

SKRÁÐU ÞIG

Á PÓSTLISTA BYKO OG ÞÚ GETUR UNNIÐ FRÁBÆRA VINNINGA!

1. Ferð fyrir 2 til Valencia með Heimsferðum.
2. Afnot af KIA Ceed í vetrarleigu frá Hertz.
3. Napoleon Rogue gasgrill frá BYKO.

Heimsferðir Hertz NAPOLEON

40% afsláttur

OUYAO

Tilboðsverð

Sláttuvél
OY460P fjörgengismotor, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.

20.995
53323130

Almennt verð: 34.995

Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Gasgrill
ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

kilóvött 11,4
þvannarar 3

30% afsláttur

41.996
50657512

Almennt verð: 59.995

BOSCH

Aðstoðar þig við að klippa þykkari greinar

Tilboðsverð

Kraftklippur
EasyPrune 3,6V 1,5Ah

12.597
74897859

Almennt verð: 17.995

30% afsláttur

Gúmmihellur
50x50x2,5 cm, gráur eða rauðar.

1.248
41615800-1

Harðviðarstiklur
Acacia harðviður, 30x30 cm beinar. 10 stk. í kassa.

4.935 kr./kassinn
0291479

Tilboðsverð

Pallaolía
Pallaolía glær, 3 l.

1.995
80602501-2

Almennt verð: 2.495

20% afsláttur

3L

FÁÐU TILBOÐ Í PALLA- EFNID

Prófaðu Pallareiknivélina

Sjá nánar á byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Skráðu þig á póstlistann á byko.is